



PERSÓNU
VERND



Ársskýrsla 2018

„Dýrmætasta auðlindin er ekki lengur olía, heldur persónuupplýsingar.“

The Economist, 6. maí 2017.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Ávarp forstjóra | 4 |
| Hlutverk Persónuverndar | 6 |
| Stjórn, forstjóri og starfsfólk | 7 |
| Fræðsla Persónuverndar | 8 |
| Persónuvernd í tölum | 10 |
| Fjárreiður | 11 |
| Nýskráð mál Persónuverndar frá 2002-2018 | 11 |
| Árið 2018 í hnotskurn | 12 |
| Efst á baugi | 14 |
| Nokkur hugtök | 23 |
| Umfjöllun um mál Persónuverndar | 24 |
| Umsagnir til Alþingis um þingmál | 24 |
| Veitt leyfi | 24 |
| Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf. | 24 |
| Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna | 24 |
| Úrskurðir, álit og ákvarðanir stjórnar Persónuverndar 2018 | 26 |
| Erlent samstarf | 34 |
| Norrænt samstarf | 34 |
| Evrópskt og alþjóðlegt samstarf | 34 |



„Gildistaka nýrra laga 15. júlí 2018 markaði upphaf nýrra tíma í persónuvernd einstaklinga með auknum valdheimildum Persónuverndar til að framfylgja ákvörðunum sínum.“

■ Ávarp forstjóra

Vægi persónuverndar í þjóðfélaginu er að aukast og almenningur krefst þess að vita meira um hvernig persónuupplýsingar eru unnar.

Árið 2018 verður lengi í minnum haft í sögu Persónuverndar – og í sögu verndar persónuréttinda í Evrópu. Þar þar fyrst að nefna að hin nýja evrópska reglugerð um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga kom þá til framkvæmda innan Evrópu og á því ári tóku einnig gildi íslensk lög um sama efni, þar sem þau auka rétt einstaklinga yfir persónuupplýsingum sínum gagnvart ábyrgðaraðilum, hvort sem um ræðir fyrirtæki, stjórnvöld, sveitarfélög eða aðra sem vinna persónuupplýsingar.

Æ fleirum er að verða það ljóst að allt hagkerfið er farið að byggja á vinnslu persónuupplýsinga og þær eru grundvöllur nær allrar þjónustu. Með tilkomu nýrrar tækni er nær allt sem við gerum frá morgni til kvölds rekjanlegt og skráð, hvort sem um ræðir ferðir okkar, viðskipti, starfsumsóknir, greiðslusögu eða lífstíls- og heilsusögu. Allt okkar daglega líf fer orðið fram með aðstoð nettengdra tækja sem skrá athafnir okkar með ítarlegri hætti en flestir gera sér grein fyrir. Með aðstoð tækninnar er hægt að greina mynstur í mannlegri hegðun sem einstaklingar koma ekki auga á. Þetta getur bæði orðið til góðs og illis fyrir okkur.

Afleiðingar misnotkunar persónuupplýsinga geta verið miklar og alvarlegar

Þrátt fyrir að enn séu margir sem velja tæknileg þægindi umfram vernd persónuupplýsinga eru augu margra að opnast fyrir afleiðingum af misnotkun þeirra. Cambridge Analytica-málið, þar sem upplýsingar á Facebook voru notaðar til þess að reyna að hafa áhrif á lýðræðislegar kosningar, hefur hjálpað hér til. Þetta mál hefur umfram önnur gert okkur það ljóst að fyrirtækjum er óheimilt að deila persónuupplýsingum með þriðju aðilum án heimildar. Að sama skapi þurfa einstaklingar að vera vakandi yfir því hvaða persónuupplýsingum þeir kjósa að deila með öðrum – um sig og aðra, því gríðarlegir hagsmunir geta verið undir fyrir einstaklinga ef persónuupplýsingar þeirra komast í hendur óviðkomandi aðila, hvort sem um ræðir upplýsingar um heilsufar, greiðslusögu, nethegðun eða aðrar tegundir persónuupplýsinga.

Vitundarvakning

Eitt af meginverkefnum Persónuverndar er að auka vitund þeirra sem vinna með persónuupplýsingar um mikilvægi persónuverndar.

Með þær miklu tækniframfarir í huga sem við stöndum frammi fyrir, ásamt hinni miklu og útbreiddu notkun samfélagsmiðla á Íslandi og almenns jákvæðs viðhorfs gagnvart öllum tæknilegum nýjungum hérlendis, þá einkenndist árið 2018 hjá Persónuvernd af áframhaldandi mikilli vitundarvakningu um persónuverndarmálefni. Persónuvernd hélt fjölda námskeiða og kynninga, meðal annars fyrir ráðuneyti, ríkisstofnanir, Alþingi, sveitarfélög og önnur stjórnvöld, auk þess sem fulltrúar stofnunarinnar héldu erindi hjá heildarsamtökum fyrirtækja. Þessu til viðbótar stóð Persónuvernd fyrir sérstökum málstofum, annars vegar fyrir íslenskan heilbrigðisgeira, í samstarfi við Landspítala, og hins vegar fyrir dómstóla landsins í samstarfi við Dómstólasýsluna.

Landsfundaherferð

Haustið 2018 stóð Persónuvernd jafnframt fyrir landsfundaherferð, þar sem haldnir voru fundir á níu stöðum, þ.e. á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Höfn í Hornafirði, Selfossi, Reykjanesbæ, Borgarnesi og Reykjavík. Fundirnir voru öllum opnir og á þeim fóru forstjóri og helstu sérfræðingar stofnunarinnar yfir mikilvægustu atriðin tengd nýju löggjöfinni, bæði hvað varðar fyrirtæki, stjórnvöld og einstaklinga.

Árið 2018 var einnig lögð mikil áhersla á að koma sem flestum nýjum leiðbeiningum á framfæri og hafa nú á þriðja tug þeirra, auk bæklinga, verið birtar á vefsíðu stofnunarinnar í því skyni að aðstoða aðila við að uppfylla ákvæði löggjafarinnar. Árið 2018 hóf Persónuvernd að bjóða upp á þjónustuborð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, þar sem fyrirspurnum var svarað innan þriggja til fimm daga frá því að þær bárust. Alls hefur um 130 fyrirspurnum verið svarað frá því að þjónustuborðið var opnað í júní 2018. Ný og uppfærð vefsíða var einnig tekin í notkun á árinu auk þess sem stofnunin flutti í nýtt húsnæði.

Aldrei fleiri nýskráð mál

Nýskráð mál hjá Persónuvernd hafa aldrei verið fleiri. Þau voru 2.413 talsins á árinu 2018 samanborið við 1911 mál árið 2017. Fjórðfalt fleiri mál bárust því stofnuninni árið 2018 en á upphafsöldum hennar árið 2002. Símtölum á símatíma fjölgaði jafnframt mikið árið 2018 og mátti suma mánuðina greina um 100% aukningu þeirra miðað við fyrra ár. Til afgangslu árið 2018 voru 2.929 mál og afgreidd voru 1758 mál. Óafgreidd mál við árslok 2018 voru 1.171 talsins. Þessum verkefnum sinntu í heildina 14 starfsmenn árið 2018. Á árinu 2018 mátti einnig greina mikla aukningu á umfjöllun um persónuverndarmálefni í fjölmiðlum. Þannig var 656 sinnum fjallað um persónuverndarmálefni í sjónvarpi, útvarpi og helstu dagblöðum í stað 288 skipta árið 2017.

Aukning mála hjá persónuverndarstofnunum í Evrópu

Sambærileg aukning er einnig að verða á málum sem berast persónuverndarstofnunum í Evrópu. Hjá sumum þeirra er aukning mála allt að því 300–400% á milli ára. Af þessum tölum má sjá að

mikilvægi persónuverndar eykst dag frá degi og almenn vitund alls almennings um þessi grundvallarmannréttindi er að aukast. Í drögum að samningi Breta vegna útgöngu þeirra úr Evrópusambandinu (ESB) fékk vernd persónuupplýsinga og flæði þeirra á milli landa mikið vægi, enda ljóst að þessi gögn eru undirstaða verslunar á milli landa. Á árinu 2018 gerði ESB gangskör að því að viðurkenna regluverk Japans um vernd persónuupplýsinga til jafns á við ákvæði reglugerðar sambandsins um sama efni. Samkomulagið er hluti af ramma efnahagssamstarfs- og fríverslunarsamnings ESB og Japans. Frumkvæði ESB að samningum af þessu tagi sýnir hversu snar þáttur persónuupplýsingar eru orðnar í alþjóðlegum viðskiptum, þ. á m. viðskiptum sambandsins við þriðju ríki, sem aftur á móti getur haft áhrif á samkeppnisskilyrði Íslands og annarra EFTA-ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Ný persónuverndarlöggjöf kallar á aukna evrópska samvinnu milli persónuverndarstofnana. Sem dæmi um það tekur Persónuvernd nú fullan þátt í hinu Evrópska persónuverndarráði.

Persónuvernd á tímamótum

Ljóst má vera að Persónuvernd stendur á miklum tímamótum, þar sem vægi persónuverndar í þjóðfélaginu er að aukast og almenningur krefst þess að vita meira um hvernig persónuupplýsingar eru unnar. Ástæða þessa er að persónuupplýsingar eru nær undantekningalaust skráðar inn í rafræn kerfi og í slíku umhverfi myndast nær óteljandi möguleikar á aukinni dreifingu, miðlun og vinnslu slíkra upplýsinga, sem getur orðið til óhagræðis fyrir þann sem um ræðir. Málin berast Persónuvernd jafnt frá helstu stofnunum landsins, Alþingi, fyrirtækjum, sveitarfélögum, einstaklingum og öðrum. Verkefni Persónuverndar eru einstaklega áhugaverð en að sama skapi er sjaldgæft að vinnustaðir hafi þurft að taka á öðrum eins samfélagslegum breytingum og þeim sem Persónuvernd hefur þurft að glíma við vegna hinna miklu tækniframfara sem átt hafa sér stað undanfarnin ár. Þessum áskorunum hefði ekki verið unnt að mæta nema með einstaklega samhentum og sterkum hópi starfsmanna sem unnið hefur þrekvirki við að uppfæra heila þjóð um mikilvægi persónuverndar. Við þessar aðstæður er það ánægjulegt að Persónuvernd hefur verið útnefnd Stofnun ársins þrjú ár í röð, þ.e. árin 2017, 2018 og 2019.

Í Persónuvernd, september 2019

Hlutverk Persónuverndar

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Meginhlutverk og verkefni Persónuverndar




| | |
|----------------|---|
| Eftirlit | að annast eftirlit með því að farið sé að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og reglum settum samkvæmt þeim |
| Úrskurðir | að úrskurða í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga |
| Leiðbeiningar | að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu |
| Leyfisumsóknir | að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum um öryggisbresti og mæla fyrir um ráðstafanir varðandi vinnslu persónuupplýsinga |
| Próun | að fylgjast með þróun persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi, greina hvar persónuvernd er hættu búin og veita ráð um leiðir til lausnar |
| Álit | að tjá sig samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði um álitaefni um meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd |

Þá eru Persónuvernd falin verkefni og vísað til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga í á annað hundrad lagabálkum og stjórnvaldsreglum.


Stjórn, forstjóri og starfsfólk

Skipurit

STJÓRN



SKRIFSTOFA



- * Formaður stjórnar: Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.
- ** Stjórnarmenn: Aðalsteinn E. Jónasson, varaformaður stjórnar og dómari við Landsrétt, Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður, Vilhelmina Haraldsdóttir lækni, Þorvarður Kári Ólafsson, fagstjóri skilríkjamála hjá Þjóðskrá Íslands.
- *** Varamenn: Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður, Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, Haraldur Briem lækni, Jónas Sturla Sverrisson öryggisstjóri.

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík

Sími 510 9600

postur@personuvernd.is

Símatími lögfræðinga er mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 10-12

Á vefsíðu Persónuverndar, personuvernd.is, er m.a. að finna:

- algengar spurningar um persónuvernd og svör við þeim
- lög nr. 90/2018 ásamt reglum sem stofnunin hefur sett auk ýmissa upplýsinga sem lúta að starfsemi hennar
- leiðbeiningar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir
- eyðublöð fyrir kvartanir, tilkynningar um öryggisbresti og leyfisumsóknir

Fræðsla Persónuverndar

Eitt af meginverkefnum Persónuverndar árið 2018 var að auka vitund þeirra sem vinna með persónuupplýsingar – þannig að viðkomandi þekki skyldur sínar samkvæmt persónuverndarlögunum. Í því skyni gaf Persónuvernd út fjölda leiðbeininga um nýju lögin, nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem gildi tóku 15. júlí 2018. Allt fræðsluefni Persónuverndar má nálgast á vefsíðu stofnunarinnar.

Ný persónuverndarlög fjalla um réttindi einstaklinga og fela í sér auknar skyldur fyrir fyrirtæki, stjórnvöld og sveitarfélög og aðra sem vinna með persónuupplýsingar. Því spanna fyrrgreindar leiðbeiningar vítt svið og eru umfangsmiklar.

Fræðsla Persónuverndar var bæði í formi kynningafunda, útgáfu leiðbeininga á vef stofnunarinnar sem og útgáfu kynningarbæklinga um mismunandi málafni tengd persónuvernd.

Útgefnar leiðbeiningar og bæklingar

1. Fyrirtæki og stofnanir í nýju persónuverndarumhverfi.
2. Vinnsluaðilar – Hlutverk og ábyrgð.
3. Persónuvernd barna – Upplýsingar til foreldra, forráðamanna og þeirra sem vinna með börnum.
4. Leiðbeiningar um öryggisbrest.
5. Leiðbeiningar fyrir vinnsluaðila.
6. Sniðmát að vinnslusamningi.
7. Leiðbeiningar um samþykki.
8. Leiðbeiningar Persónuverndar fyrir skrá yfir vinnslustarfsemi.
9. Sniðmát að vinnsluskrá fyrir ábyrgðaraðila.
10. Sniðmát að vinnsluskrá fyrir vinnsluaðila.
11. Leiðbeiningar um persónuverndarfulltrúa.
12. MÁP – Mat á áhrifum á persónuvernd.
13. Leiðbeiningar um öryggi persónuupplýsinga.
14. Fræðsluefni fyrir persónuverndarfulltrúa.
15. Glærakynning: Fræðsluefni fyrir persónuverndarfulltrúa.
16. Hver eru þín einkamál? Til umhugsunar fyrir 13-17 ára.
17. Þínar upplýsingar – Þín réttindi.

Þá hafði Persónuvernd þegar gefið út tvo bæklinga árið 2016 fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Kynningarherferð um landið

Persónuvernd fór í kynningarherferð hringinn um landið haustið 2018 þar sem haldnir voru opnir fundir á níu stöðum. Á fundunum var farið yfir helstu atriði tengd nýju löggjöfinni, bæði hvað varðar fyrirtæki, stjórnvöld og einstaklinga.

Fyrirlestrarir voru:

- „Af hverju persónuvernd?“ – Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar,
- „Skyldur fyrirtækja og stofnana“ – Vigdís Eva Lindal, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis,
- „Ný persónuverndarlöggjöf – réttur einstaklinga“ – Þórður Sveinsson, skrifstofustjóri lögfræðisviðs.

Nálgast má upptöku af fyrirlestrunum á vefsíðu Persónuverndar.

Aðrir kynningar- og fræðslufundir

Frá hausti 2016 hefur Persónuvernd haldið fjölmörg námskeið og kynningar, meðal annars fyrir ráðuneyti, ríkisstofnanir, dómstóla, Alþingi, sveitarfélög og önnur stjórnvöld auk þess sem fulltrúar stofnunarinnar hafa haldið erindi hjá heildarsamtökum fyrirtækja. Þessu til viðbótar hefur Persónuvernd staðið fyrir sérstökum málstofum fyrir skólasamfélagið – frá leikskóla til háskóla og fyrir íslenskan heilbrigðisgeira.

Fyrirlestrar á heilbrigðismálþingi Persónuverndar 12. janúar 2018:

- „Áhrif nýrrar löggjafar“ – Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar,
- „Áhrif nýrrar persónuverndarlöggjafar á heilbrigðisgeirann“ – Vigdís Eva Lindal, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd,
- „Söfnun heilsufarsupplýsinga í þágu vísindarannsókna á heilbrigðisviði“ – Þórður Sveinsson, skrifstofustjóri lögfræðisviðs Persónuverndar,
- „Raunhæf ráð við innleiðingu almennu persónuverndarreglugerðarinnar“ – Hörður Helgi Helgason, lögmaður hjá Landslögum.

Nálgast má upptökur allra ofangreindra erinda á vefsíðu Persónuverndar ásamt fjölda annarra erinda frá fyrri árum.

Útgáfa fræðslubæklinga 2018

Persónuvernd gaf út fimm bæklinga á árinu:

- Hver eru þín einkamál?
- Persónuvernd barna
- Þínar upplýsingar – Þín réttindi
- Vinnsluaðilar – Hlutverk og ábyrgð
- Fyrirtæki og stofnanir

Persónuvernd barna



Farið er yfir mikilvægar upplýsingar til foreldra, forráðamanna og þeirra sem vinna með börnum. Fjallað er um hvenær megi vinna með upplýsingar um börn, fræðsluskilyrði og sérstök tilmæli Persónuverndar um miðlun persónuupplýsinga barna í skóla- og frístundastarfi.

Vinnsluaðilar



Farið er yfir skilgreiningu á vinnsluaðila og fjallað er um hlutverk, ábyrgð og skyldur hans.

Fyrirtæki og stofnanir



Farið er yfir það helsta sem fyrirtæki þurfa að líta til hvað varðar persónuverndarlöggjöfina, m.a. heimildir til vinnslu og rétta meðferð persónuupplýsinga. Einnig er skýrt frá hlutverki og skyldum ábyrgðar- og vinnsluaðila, farið yfir hvað vinnsluskrá er og hvenær fyrirtækjum ber að halda slíka skrá, fræðsluskilyrði og hvenær fyrirtækjum ber að ráða persónuverndarfulltrúa ásamt umfjöllun um aðstæður sem krefjast þess að gert sé mat á áhrifum á persónuvernd.

Hver eru þín einkamál?




Farið er yfir hvað eru persónuupplýsingar ásamt meðferð og miðlun þeirra á Netinu, m.a. á samfélagsmiðlum og í smáforritum. Einnig er fjallað um samþykki ólögráða barna og það hvenær þörf er á samþykki forráðamanna. Efninu er sérstaklega beint að börnum á aldrinum 13-17 ára.

Þínar upplýsingar – Þín réttindi



Farið er yfir skilgreiningu á persónuupplýsingum og vinnslu persónuupplýsinga. Einnig er fjallað um fræðsluskilyrði, upplýsinga- og aðgangsrétt.



Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 16. tölul. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018 og 71. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er átjándi ársskýrsla Persónuverndar.




Fjárveitingar til Persónuverndar námu á fjárlögum 2018 samtals 204,1 milljón króna, tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára nam 1,5 milljónum og ýmsar tekjur voru 10,9 milljónir. Samtals var því ársvelta stofnunarinnar 216,5 milljónir. Rekstrarhagnaður frá árinu 2017 nam 4,4 milljónum króna og uppsafnað tap 2,2 milljónum. Til ráðstöfunar á árinu voru því samtals 214,3 milljónir króna en gjöld stofnunarinnar námu alls 213,6 milljónum króna. Rekstrarhagnaður ársins nam 2,9 milljónum króna og hrein eign í lok árs var 0,7 milljónir.

Nýskráð mál Persónuverndar frá 2002-2018

Nýskráð mál á árinu 2018 voru samtals 2.413 en jafnframt voru til afgreiðslu 516 óafgreidd erindi frá fyrri árum. Alls hafði stofnunin því til meðferðar 2.929 mál á árinu. Samtals voru 1.758 mál afgreidd árið 2018. Enn hefur því orðið aukning á milli ára, eða sem nemur 502 málum. Málafjöldi hjá Persónuvernd hefur rúmlega fjórfaldast frá árinu 2002.

Eftirfarandi mynd sýnir fjölda nýskráðra mála frá 2002 til 2018.

2.413 mál árið 2018



Efst á baugi

Árið markaðist af vitundarvakningu í persónuverndarmálum innanlands og aukinni samvinnu með öðrum persónuverndarstofnunum

2.-3. febrúar

UTmessan 2018

Fjallað um málefni persónuverndar á UTmessunni

Persónuvernd tók þátt í UTmessunni 2018, en hún er einn stærsti viðburður ársins í upplýsingatæknigeiranum. Á hana mæta öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins. Viðburðurinn var tvískiptur og hófst með ráðstefnu og sýningu fyrir fagfólk í upplýsingatækni, sem haldin var föstudaginn 2. febrúar. Honum lauk svo með opinni sýningu fyrir almenning, sem haldin var laugardaginn 3. febrúar. Persónuvernd setti upp sýningarbás og voru starfsmenn stofnunarinnar á staðnum báða dagana og ræddu við gesti og gangandi um málefni tengd persónuvernd.

Ein af tíu þemalínum á ráðstefnunni fjallaði um persónuvernd og átti Persónuvernd þátt í undirbúningi hennar, en meðal fyrirlesara þar var Björn Erik Thon, forstjóri norsku persónuverndarstofnunarinnar (Datatilsynet). Þá hafði Persónuvernd milligöngu um að fá Marc Rotenberg, forseta Electronic Privacy Information Center (EPIC) í Bandaríkjunum, til landsins og var hann einn af fjórum aðalfyrirlesurum á ráðstefnunni.



Björn Erik Thon, forstjóri Datatilsynet í Noregi, og Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, á UTmessunni 2018.



Málefni persónuverndar á UTmessunni

Marc Rotenberg, forseti Electronic Privacy Information Center, hélt fyrirlestur á UTmessunni.
(Myndin er birt með leyfi SKÝ).



7.-8. maí



Aukin samvinna Persónuverndar og systurstofnana á Norðurlöndunum

Á fundi Persónuverndar með norrænum systurstofnunum sínum, sem haldinn var í Kaupmannahöfn dagana 7. og 8. maí 2018, var ákveðið að auka enn frekar samvinnu stofnananna, m.a. við gerð fræðsluefnis.

Auk þess var ákveðið að stofnanirnar myndu að eigin frumkvæði gæta þess að opinberir aðilar tilnefndu persónuverndarfulltrúa, eins og þeim ber skylda til að gera samkvæmt

nýrri persónuverndarlöggjöf Evrópu-sambandsins, sem tók gildi á árinu.

Frá undirritun Kaupmannahafnaryfirlýsingarinnar 8. maí 2018.

Frá vinstri: Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar á Íslandi, Lena Lindgren Schelin, forstjóri persónuverndarstofnunarinnar í Svíþjóð, Björn Erik Thon, forstjóri persónuverndarstofnunarinnar í Noregi, Cristina Angela Gulisano, forstjóri persónuverndarstofnunarinnar í Danmörku, Reijo Aarnio, umboðsmaður í málefnum persónuverndar í Finnlandi, og Sofia Pensar, sérfræðingur hjá persónuverndarstofnun Álandseyja.

9. maí

Persónuvernd var stofnun ársins árið 2018

Persónuvernd var stofnun ársins í flokki stofnana með færri en 20 starfsmenn annað árið í röð.



8. júní

Þjónustuborð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki vegna innleiðingar nýrrar persónuverndarlöggjafar

Samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni er eitt af verkefnum Persónuverndar að veita leiðbeiningar til þeirra sem vinna með persónuupplýsingar. Til að uppfylla

þá skyldu setti Persónuvernd á fótt þjónustuborð fyrir fyrirtæki í tengslum við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar, sem tók

gildi þann 15. júlí 2018. Þjónustuborðið var ætlað litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem óskuðu leiðbeininga í tengslum við innleiðingu nýju löggjafarinnar.

Ísland – fyrirmynd að útgöngu Breta úr Evrópusambandinu?

Erindi forstjóra Persónuverndar á ráðstefnu Privacy Laws & Business

Forstjóri Persónuverndar, Helga Þórisdóttir, flutti tvö erindi á árlegri ráðstefnu Privacy Laws & Business, sem haldin var dagana 2.-4. júlí í Cambridge á Englandi.

Fyrri erindi Helgu fjallaði um persónuvernd í tengslum við erfðafræðirannsóknir á Íslandi. Var þar meðal annars greint frá þeim álitaefnum sem Persónuvernd hefur tekið afstöðu til á því sviði, auk þess sem fjallað var um íslenskt lagaumhverfi hvað varðar vísindarannsóknir á heilbrigðisviði og annað því tengt. Í seinna erindi sínu ræddi Helga um samstarf á sviði Evrópska efnahagssvæðisins frá sjónarhóli persónuverndar.



Grein eftir forstjóra Persónuverndar, Helgu Þórisdóttur, var birt á forsiðu júlíútgáfu hins virta tímarits Privacy Laws & Business

Grein eftir forstjóra Persónuverndar, Helgu Þórisdóttur, var birt á forsiðu júlíútgáfu hins virta tímarits Privacy Laws & Business, auk þess sem fjallað var um greinina í leiðara tímaritsins. Er þetta í fyrsta skipti sem birt er grein um annað land en Bretland í breskri útgáfu tímaritsins.

Í greininni fjallaði Helga um EES-samninginn, útskýrði virkni hans og greindi frá því hvernig samningurinn tryggir Íslandi sömu persónuverndarlöggjöf og gildir í ESB – auk þátttöku í hinu nýja Evrópska persónuverndarráði (European Data Protection Board).

Í leiðara tímaritsins var lagt til að Bretar fylgdu fordæmi Íslendinga og gerðust aðilar að EFTA. Þannig gætu Bretar haft eigin persónuverndarlöggjöf í samræmi við almennu persónuverndarreglugerðina; innlendar undanþágur, sæti í hinu Evrópska persónuverndarráði, fulla þátttöku

í stefnumótunar- og innleiðingavinnu (e. policy and enforcement co-ordination) og þátttöku í samevrópskri málsmeðferð í persónuverndarmálum (e. One Stop Shop).

Forsvarsmenn Privacy Laws & Business sendu grein forstjóra Persónuverndar til Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, auk sex annarra ráðherra í bresku ríkisstjórninni sem hafa með málaflokkinn að gera (Data Protection Minister at the Department for Digital, Culture, Media and Sport; responsible for data protection law, Chancellor of the Exchequer; Finance Minister, Minister for International Trade, Minister for Exiting the European Union, The opposition's "shadow" minister for Exiting the European Union, The Chair of the House of Commons Committee on Exiting the European Union).

Tilmæli vegna notkunar samfélagsmiðla í skóla- og frístundastarfi

Persónuvernd beindi þeim tilmælum til leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila, íþróttafélaga og allra annarra opinberra aðila og einkaaðila, sem kæmu að starfi með börnum, að þeir notuðu ekki Facebook, eða sambærilega miðla, sem samskiptamiðla fyrir miðlun persónuupplýsinga um ólögráða börn, hvort heldur sem um almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar þeirra væri að ræða.

Haustið 2018 gaf Persónuvernd út tilmæli vegna notkunar samfélagsmiðla í skóla- og frístundastarfi.

Í tilmælunum kom fram að sérhver skóli, frístundaheimili og íþróttafélag, sem ynni persónuupplýsingar um börn í starfi sínu, bæri ábyrgð á slíkri vinnslu. Það væri ávallt hlutverk ábyrgðaraðila að gæta að því að öll vinnsla persónuupplýsinga væri í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Miðlun persónuupplýsinga um börn í gegnum samfélagsmiðla, svo sem Facebook, teldist til vinnslu persónuupplýsinga sem félli undir gildissvið laganna. Í þessu samhengi væri vert að árétta að ljósmyndir af einstaklingum teldust almennt til persónuupplýsinga.

Miðlun upplýsinga um tímasetningar eða viðburði á vegum skóla og félaga, og annað tengt starfsemi þeirra, t.d. fjáröflunarverkefni og tilkynningar þar um, teldist hins vegar ekki til vinnslu persónuupplýsinga og ekkert því til fyrirstöðu að nýta slíka miðla til að dreifa þeim upplýsingum. Þá yrði almennt ekki gerð athugasemd við að þar væru birtar myndir af opnum viðburðum á vegum skóla og félaga sem ekki sýndu neinar aðstæður viðkvæms eðlis.

Í skilmálum Facebook, sem notendur miðilsins samþykktu, kom fram að Facebook safnaði þeim upplýsingum sem miðlað væri í gegnum síðuna. Þegar persónuupplýsingum væri miðlað til foreldra í gegnum Facebook-hóp væri þeim því samtímis miðlað til Facebook. Þá lægi fyrir að Facebook deildi persónuupplýsingum með fyrirtækjum sem tengdust Facebook, sem og öðrum aðilum (þ.e. þriðju aðilum), við nánar tilgreindar aðstæður. Þeir sem notuðu slíka samfélagsmiðla hefðu því ekki fulla stjórn á því efni sem þar væri sett inn.

Til þess að heimilt væri að vinna með persónuupplýsingar, svo sem með því að miðla þeim til annarra, þyrfti vinnslan að styðjast við heimild í persónuverndarlögum (lögum nr. 90/2018). Sú heimild sem einkum kæmi til greina í þessu tilviki væri samþykki hins skráða, þ.e. þess einstaklings sem upplýsingarnar varða. Þegar um ólögráða einstaklinga væri að ræða, eins og ætti við þegar börn ættu í hlut, færu foreldrar eða forsjáðilar þeirra með hæfi til að veita samþykki fyrir vinnslu upplýsinga, sbr. 1. mgr. 51. gr.

löggræðisлага. Áður en samþykki væri veitt bæri ábyrgðaraðila vinnslunnar að veita hinum skráða (hér foreldrum/forsjáradilum hans) fullnægjandi fræðslu um vinnsluna, svo sem um tilgang hennar, viðtakendur upplýsinganna og fleira. Að öðrum kosti teldist fræðsla ekki í samræmi við persónuverndarlög.

Með vísan til framangreinds, sem og 2. tölul. 43. gr. laga nr. 90/2018, beindi Persónuvernd þeim tilmælum til leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila, íþróttafélaga og allra annarra opinberra aðila og einkaaðila, sem kæmu að starfi með börnum, að þeir notuðu ekki Facebook, eða sambærilega miðla, sem samskiptamiðla fyrir miðlun persónuupplýsinga um ólögráða börn, hvort heldur sem um almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar þeirra væri að ræða.

Ef þörf væri talin á að miðla upplýsingum um ólögráða börn með rafrænum hætti hjá framangreindum aðilum væri æskilegt að til þess yrði nýttur hugbúnaður sem tryggði ábyrgðaraðilum fulla stjórn yfir þeim persónuupplýsingum sem miðlað væri. Tryggja þyrfti að upplýsingunum yrði ekki miðlað til óviðkomandi aðila, þær yrðu ekki unnar í öðrum tilgangi en lagt væri upp með, og að öryggis þeirra væri gætt með fullnægjandi hætti. Þá þyrfti alltaf að ganga úr skugga um það fyrirfram að heimild til vinnslunnar væri til staðar samkvæmt persónuverndarlögum.

Persónuvernd auglýsti eftir fjórum lögfræðingum og skjalastjóra

Persónuvernd auglýsti lausar fjórar stöður lögfræðinga og eina stöðu skjalastjóra hjá stofnuninni. Umsóknarfrestur var til og með 1. október 2018. Konur jafnt sem karlar voru hvött til að sækja um störf. Alls sóttu 105 um stöðu lögfræðings og 22 um stöðu skjalastjóra.

október

Íslendingar meðal þeirra sem urðu fyrir öryggisbresti hjá Facebook

facebook

Umræddur öryggisbrestur varð til þess að óviðkomandi aðilum tókst að komast yfir margvíslegar upplýsingar um notendur, þar á meðal netföng þeirra og símanúmer. Í einhverjum tilvikum urðu aðrar og ítarlegri upplýsingar jafnframt aðgengilegar, svo sem um fæðingardag, staðsetningu og fleira.

Öryggisbrestur varð hjá samfélagsmiðlinum Facebook sem varðaði um 30 milljón notendur miðilsins. Í kjölfarið óskaði Persónuvernd eftir upplýsingum um hvort einstaklingar, staðsettir á Íslandi, hefðu verið meðal þeirra sem urðu fyrir öryggisbrestinum. Hinn 12. október fékk Persónuvernd upplýsingar um að öryggisbresturinn hjá Facebook hefði haft áhrif á tæplega 2.500 notendur samfélagsmiðilsins á Íslandi. Umræddur öryggisbrestur varð til þess að óviðkomandi aðilum tókst að komast yfir margvíslegar upplýsingar um notendur, þar á meðal netföng þeirra og símanúmer. Í einhverjum tilvikum

urðu aðrar og ítarlegri upplýsingar jafnframt aðgengilegar, svo sem um fæðingardag, staðsetningu og fleira. Samkvæmt upplýsingum frá Facebook komust þeir þó ekki yfir lykilorð notenda eða greiðsluupplýsingar, svo sem kreditkortanúmer. Þar sem Facebook hefur höfuðstöðvar á Írlandi telst írski persónuverndarstofnunin vera svokallað forystustjórnvald við rannsókn málsins. Persónuvernd er hlutaðeigandi stjórnvald við rannsókn málsins ásamt persónuverndarstofnunum í öðrum EES-ríkjum.

9. október

Forstjóri Persónuverndar í viðtali við GenomeWeb



Blaðamaður á vegum bandarísku vefsíðunnar GenomeWeb tók viðtal við Helgu Þórisdóttur, forstjóra Persónuverndar, en GenomeWeb er fréttavefur þar sem áhersla er lögð á vísindi og erfðafræði. Viðtalið var birt í frétt sem fjallaði um vinnslu

Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á upplýsingum um þá sem bera BRCA2-erfðabreytuna, en hún hefur í för með sér aukna hættu á krabbameini.

12. október



Ábending vegna nafn- og myndbirtinga á Netinu

Persónuvernd vakti, að gefnu tilefni, athygli á því að þegar viðkvæm mál væru til umfjöllunar í fjölmiðlum og samfélaginu almennt gæti þurft að sýna varkárni við miðlun upplýsinga á Netinu, m.a. við birtingu ljósmynda og nafna þeirra sem sakaðir hefðu verið um alvarleg brot. Hafa þyrfti í huga að birting slíkra upplýsinga gæti í sumum tilvikum haft slæmar afleiðingar í för með sér fyrir aðra en þá sem upplýsingarnar tækju til, svo sem brotáþola.

19. október

Frumkvæðisathugun vegna birtingar skattskrárupplýsinga

Persónuvernd hóf athugun á birtingu Viskubrunns ehf. á skattskrárupplýsingum fyrir árið 2016 á vefsíðunni tekjur.is en í aðdraganda þess hafði stofnuninni borist fjöldi erinda einstaklinga sem töldu brotið gegn persónuverndarlöggjöf með birtingunni.

Kynningarátak Persónuverndar vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar

Persónuvernd hlaut styrk frá Evrópusambandinu (The European Union's Rights, Equality and Citizenship Programme (2014–2020)) til þess að ráðast í sérstakar aðgerðir til kynningar á nýrri persónuverndarlöggjöf, sem tók gildi hérlandis 15. júlí 2018. Löggjöfin er byggð á reglugerð Evrópusambandsins um sama efni.

Persónuvernd hélt í kynningarherferð um landið þar sem áhugasómum var boðið að sækja málþing um nýju persónuverndarlöggjöfina. Í tengslum við kynningarherferðina útbjóg Persónuvernd fimm bæklinga um nýju löggjöfina. Í þeim voru teknar saman upplýsingar sem eiga bæði erindi við lítil og meðalstór fyrirtæki sem og almenning – þar á meðal börn og unglinga. Bæklingarnir eru aðgengilegir á vefsíðu Persónuverndar.

Þá tók Persónuvernd saman fræðsluefni fyrir persónuverndarfulltrúa. Í nýjum persónuverndarlögum er sú skylda lögð á stjórnvöld og sum fyrirtæki að ráða persónuverndarfulltrúa, en verkefni þeirra eru einkum að tryggja að fyrirtækið eða stjórnvaldið uppfylli kröfur persónuverndarlaganna. Um er að ræða nýja starfsstétt hérlandis.

Að lokum setti Persónuvernd á fót sérstakt þjónustuborð fyrir fyrirtæki vegna innleiðingar nýrrar persónuverndarlöggjafar. Þjónustuborðið tók til starfa sumarið 2018 og var starfrækt í eitt ár. Var það ætlað litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem óskuðu leiðbeininga í tengslum við innleiðingu nýju laganna. Þær spurningar sem bárust þjónustuborðinu voru jafnframt hafðar til hliðsjónar við ritun fræðsluefnis fyrir fyrirtæki, sem birt var á vefsíðu stofnunarinnar.

Ábending frá Persónuvernd vegna misskilnings í skólasamfélaginu um gildissvið nýrra persónuverndarlaga

Að gefnu tilefni vakti Persónuvernd athygli á því að stofnuninni hefði borist fjöldi ábendinga, bæði frá foreldrum barna og starfsmönnum skóla og leikskóla, um breytta starfshætti vegna nýrra persónuverndarlaga. Svo virtist sem misskilnings gætti víða í skólasamfélaginu um til hvaða aðgerða þyrfti að grípa til þess að skólustarf samrýmdist nýjum persónuverndarlögum. Persónuvernd sendi af því tilefni ábendingu til persónuverndarfulltrúa sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Heimilis og skóla og annarra hagsmunaaðila. Meðal annars benti Persónuvernd á að gera þyrfti skýran greinarmun á því hvort um væri að ræða breytingar sem væru tilkomnar vegna persónuverndarlaga og féllu undir gildissvið þeirra eða hvort um væri að ræða breytt verklag af öðrum ástæðum sem ekki vörðuðu persónuverndarlögin. Ábendingar Persónuverndar vörðuðu meðal annars breytta aðgangsstýringu að skólum, trúnaðaryfirlýsingar, myndatökur og afhendingu á nafnalistum.

Persónuvernd áréttaði m.a. í ábendingum sínum að um grundvallarréttindi barna væri að ræða og ítrekaði mikilvægi þess að nálgast viðfangsefnið með það í huga að ástæður þess að ríkari kröfur væru gerðar til vinnslu persónuupplýsinga barna væru fyrst og fremst þær að tryggja þyrfti réttindi þeirra – fremur en að áherslan væri á skyldur ábyrgðaraðila í þessum efnum.

Réttur barna til friðhelgi einkalífs væri tryggður í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, stjórnskránni og persónuverndarlögum og því væri mjög mikilvægt að foreldrar, starfsmenn skóla og aðrir sem kæmu að starfi með börnum væru meðvitaðir um réttindi barna til persónuverndar.



Cambridge Analytica

Breska persónuverndarstofnunin sektaði Facebook um 500 þúsund pund fyrir alvarleg brot gegn persónuverndarlögum

Breska persónuverndarstofnunin, Information Commissioner's Office (ICO), sektaði Facebook um 500 þúsund pund (um 77,6 milljónir íslenskra króna) fyrir alvarleg brot gegn persónuverndarlögum í aðdraganda kosninga. Sektin var lögð á Facebook í kjölfar rannsóknar ICO á vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Cambridge Analytica. Framangreind rannsókn hófst í gildistíð eldri persónuverndarlaga og miðaðist sektin því við þær heimildir sem stofnunin hafði samkvæmt þeim lögum. Um var að ræða hámarkssekt samkvæmt eldri löggjöf.

facebook



Kynningarfundir Persónuverndar

2018



KYNNINGAFUNDIR PERSÓNUVERNDAR

Fundaröð Persónuverndar um nýja persónuverndarlöggjöf 2018



Ljósmyndir: Vigfús Birgisson



26. október

Fundaröð Persónuverndar um nýja persónuverndarlöggjöf 2018

Persónuvernd hélt í kynningarherferð um landið þar sem áhugasömum var boðið að sækja kynningarfundir um nýju persónuverndarlöggjöfina. Sérstaklega var fjallað um það hvaða þýðingu löggjöfin hefði fyrir einstaklinga og réttindi þeirra, og þær kröfur sem hún gerði til fyrirtækja, stjórnvalda og annarra ábyrgðaraðila.

Fundaröðin hófst á Akureyri miðvikudaginn 31. október og lauk í Reykjavík mánudaginn 26. nóvember.

Alls voru haldnir níu kynningarfundir sem fóru fram á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Selfossi, í Reykjanesbæ, Borgarnesi, Vestmannaeyjum og Reykjavík. Erindi fluttu Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, Vigdís Eva Lindal, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, og Þórður Sveinsson, skrifstofustjóri lögfræðisviðs hjá Persónuvernd. Upptökur og glærur frá fundinum í Reykjavík má nálgast á vefsíðu stofnunarinnar.

29. nóvember

Niðurstaða Persónuverndar um tekjur.is

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðismáli vegna gagnagrunns með upplýsingum úr skattskrár fyrir árið 2016 sem gerður hafði verið aðgengilegur á vefsíðunni tekjur.is. Af hálfu ábyrgðaraðila gagnagrunnsins, Viskubrunns ehf., var vísað til lokamálsliðar 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem heimildir fyrir gagnagrunninum, en þar er mælt fyrir um heimild til birtingar skattskráa og útgáfu þeirra í heild eða að hluta.

Í ljósi forsögu umrædds ákvæðis taldi Persónuvernd að í gerð umrædds gagnagrunns fælist hvorki birting né útgáfa í skilningi þess. Þá væri ljóst að ríkisskattstjóri færi með heimildir samkvæmt fyrrnefndu ákvæði. Veitti hann öðrum umboð til birtingar eða útgáfu á grundvelli þess bæri því að fara að skilmálum hans en hér hefði þess ekki verið gætt. Með

vísan til þessa varð niðurstaða Persónuverndar sú að brostið hefði heimild til vinnslu persónuupplýsinga. Einnig var mælt fyrir um að eyða skyldi gagnagrunninum.

Persónuvernd ályktaði að stjórnvaldssektir væru viðurlög sem fælu í sér refsingu sem byggjast yrði á lögum samkvæmt 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og um leið 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar eins og hana bæri að túlka með hliðsjón af sáttmálanum. Í því fælist jafnframt að heimildin til að ákveða viðurlög yrði að vera skýr og fyrirsjáanlegt til hvaða háttsemi hún næði.

Eins og mál þetta var vaxið, og þegar lítið var til þessa vafa, var niðurstaða Persónuverndar sú að ekki væru forsendur til að leggja á sekt.

5. desember

Meðferð máls vegna hljóðupptöku á Klaustri

Persónuvernd barst kvörtun 5. desember yfir hljóðupptöku á samtali sex alþingismanna á veitingastað sem átti sér stað þriðjudagskvöldið 20. nóvember 2018.

Mikill þungi var strax settur í málsmeðferðina vegna eðlis málsins og mikillar umræðu í þjóðfélaginu og með hliðsjón

af því að um þjóðkjörna fulltrúa væri að ræða. Málinu lauk á árinu 2019.



Nokkur hugtök

Persónuupplýsingar

Upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan einstakling“); einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Viðkvæmar persónuupplýsingar

- Upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnsmálaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun eða aðild að stéttarfélagi.
- Heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
- Upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð.
- Erfðafræðilegar upplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða arfgenga eða áunna erfðaeiginleika einstaklings sem gefa einkvæmar upplýsingar um lífeðlisfræði eða heilbrigði einstaklingsins og fást einkum með greiningu á líffræðilegu sýni frá viðkomandi einstaklingi.
- Lífkenningarupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstaklings og gera það kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti, svo sem andlitsmyndir eða gögn um fingraför, enda sé unnið með upplýsingarnar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti.

Vinnsla

Aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging.

Skrá

Skipulegt safn persónuupplýsinga sem er aðgengilegt samkvæmt tilteknum viðmiðunum, hvort heldur það er miðlægt, dreift eða skipt upp eftir notkun eða staðsetningu.

Ábyrgðaraðili

Einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsluaðili

Einstaklingur eða lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.

Rafræn vöktun

Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannaþæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:

- vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga og
- sjónvarpsvöktunar sem fer fram

með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

Gerð persónusniðs

Sjálfvirk vinnsla persónuupplýsinga sem felst í því að nota persónuupplýsingar til að meta ákveðna þætti er varða hagi einstaklings, einkum að greina eða spá fyrir um þætti er varða frammistöðu hans í starfi, fjárhagsstöðu, heilsu, smekk, áhugamál, áreiðanleika, hegðun, staðsetningu eða hreyfanleika.

Öryggisbrestur við vinnslu persónuupplýsinga

Brestur á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmaettrar eyðingar persónuupplýsinga eða þess að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur verði veittur að þeim í leyfisleysi.

Samþykki

Óþvinguð, sértæk, upplýst og ótvíræð viljayfirlýsing hins skráða um að hann samþykki, með yfirlýsingu eða ótvíræðri staðfestingu, vinnslu persónuupplýsinga um sig.

Umfjöllun um mál Persónuverndar

Hér á næstu blaðsíðum er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd fjallaði um á árinu 2018.

Umsagnir til Alþingis um þingmál

Persónuvernd bærust alls 63 umsagnarbeiðnir frá Alþingi. Efnislegar athugasemdir voru gerðar við 18 lagafrumvörp og þingsályktanir, en 45 málum lauk án athugasemda Persónuverndar.

Auk framangreindra umsagna vann Persónuvernd 12 umsagnir að beiðni stofnana og ráðuneyta um drög að lagabreytingum.

Veitt leyfi

Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.

Persónuvernd gaf út bráðabirgðastarfsleyfi til Creditinfo Lánstrausts hf., dags. 16. júlí 2018, til vinnslu upplýsinga í þágu lánshæfismats. Persónuvernd framlengdi jafnframt gildistíma starfsleyfis til vinnslu fjárhagsupplýsinga um einstaklinga, dags. 29. desember 2017, sem og starfsleyfis til vinnslu slíkra upplýsinga um lögaðila, dags. 23. desember 2016, með bréfi, dags. 28. desember 2018. Nánar tiltekið var gildistíminn framlengdur til 1. apríl 2019, en ella hefðu leyfin fallið úr gildi 31. desember 2018.

2012-2017 í málaskrá dómsins. Sömu aðilum var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Réttur geðfatlaðra foreldra til fjölskyldulífs í ljósi Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks og Barnasáttmála SP“.

2018030487 – Héraðsdómi Reykjaness var veitt heimild til að veita Kristínu Björgu Sigurvinsdóttur og Hrefnu Friðriksdóttur aðgang að upplýsingum úr dómum í forsjármálum á árunum 2012-2017 í málaskrá dómsins. Sömu aðilum var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Reynsla af því að dæma sameiginlega forsjá“.

2018020191 – Grunnskóla Borgarfjarðar var veitt heimild til að veita Sunnu Gestsdóttur og Unni Jónsdóttur aðgang að upplýsingum úr íþróttakennslu grunnskólans á síðustu 25 árum. Sömu aðilum var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Breytingar á hreyfigetu grunnskólabarna á landsbyggðinni“.

2018030555 – Kvænnaathvarfinu var veitt heimild til að veita Unni S. Jóhannsdóttur og Freydísi Jónu Freysteinsdóttur aðgang að upplýsingum í komuskýrslum Kvænnaathvarfsins frá janúar til desember 2017. Sömu aðilum var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Ofbeldi eftir skilnað“.

2018030541 – Héraðsdómi Reykjavíkur var veitt heimild til að veita Helgu Einarsdóttur og Ragnheiði Bragadóttur aðgang að upplýsingum úr dómsúrlausnum um nálgunarbönn og brottvísanir af heimili frá gildistöku nágildandi laga þar um nr. 85/2011, eða frá 30. júní 2011 til 1. janúar 2018, í málaskrá dómsins. Sömu aðilum var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Mat á skilyrðinu rökstuddur grunur á grundvelli laga nr. 85/2011 í samanburði við danskan rétt“.

2018030496 – Kæruneftnd útlendingamála var veitt heimild til að veita Hildi Guðrúnu Þorleifsdóttur og Pétri Dam Leifssyni aðgang að úrskurðum nefndarinnar sem snerta beitingu 36. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Sömu aðilum var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Barnafjölskyldur á flótta og synjun á efnismeðferð umsókna skv. 36. gr. laga um útlendinga“.

2018030496 – Viðbótarleyfi. Útlendingastofnun var veitt heimild til að veita Hildi Guðrúnu Þorleifsdóttur og Pétri Dam Leifssyni aðgang að úrlausnum stofnunarinnar sem snerta beitingu 36. gr.

laga um útlendinga nr. 80/2016. Sömu aðilum hafði þegar verið veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Barnafjölskyldur á flótta og synjun á efnismeðferð umsókna skv. 36. gr. laga um útlendinga“.

2018030545 – Útlendingastofnun og kæruneftnd útlendingamála var veitt heimild til að veita Þórönu Ólafsdóttur aðgang að ákvörðunum Útlendingastofnunar og úrskurðum nefndarinnar sem varða börn, hvernig ákvarðanir eru teknar og hvernig unnið er að þeim út frá réttindum barna. Sama aðila var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Njóta börn raunverulega sjálfstæðra réttinda við málsmeðferð og ákvörðunartöku um alþjóðlega vernd“.

2018040643 – Dómsmálaráðuneytinu var veitt heimild til að veita Ernu Ösp Einarsdóttur aðgang að upplýsingum úr málaskrá dómsmálaráðuneytisins í málum er varða uppreist æru frá árunum 1985-2017. Sama aðila var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Uppreist æru“.

2018060990 – Útlendingastofnun, kæruneftnd útlendingamála og dómsmálaráðuneytinu var veitt heimild til að veita Ragnheiði Kr. Finnbogadóttur aðgang að upplýsingum úr ákvörðunum og úrskurðum í efnismeðferðarmálum er varða réttarstöðu barna á flótta á tímabilinu 2013-2018. Sama aðila var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknar sem tengdist réttarstöðu barna á flótta.

2018030554 – Sjóvá, VÍS, TM og Verði var veitt heimild til að veita Guðmundi Sigurðssyni annars vegar aðgang að þeim gögnum sem Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur hafði áður fengið frá váttryggingafélögunum og hins vegar aðgang að gögnum hjá félögunum sem lágu að baki upplýsingunum sem Vigfús hafði fengið sendar, þ.e. aðgang að upplýsingum um hvert einstakt tjón sem gert var upp á árinu 2016. Heimilaði leyfið vinnslu persónuupplýsinga úr málaskrá Sjóvár, VÍS, TM og Varðar í umræddum tjónamálum. Guðmundi Sigurðssyni var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Mat á varanlegri örorku í minni málum, þ.e. þeim málum þar sem örorka er undir 15%“.

2017121874 – Vinnumálastofnun og Tryggingastofnun ríkisins var veitt heimild til að veita Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur og Guðlaugu Hrönn Pétursdóttur heimild til samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum vegna rannsóknar á því hvort lengd atvinnuleysis tengdist nýgengi örorku og hvort þátttaka atvinnuleitenda í vinnumarkaðsræði minnkaði líkur á því að þeir færu á örorkubætur.

2018061097 – Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði verzlunarmanna var veitt heimild til að veita Rákel Lind Hauksdóttur og Guðmundi Sigurðssyni aðgang að allt að 25 örorkumálum hjá hvorum lífeyrissjóðnum um sig með það að markmiði að greina hvaða viðmið væru lögð til grundvallar mati til örorku hjá lífeyrissjóðum og kortleggja málsmeðferð við gerð örorkumats. Sömu aðilum var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar.

2018061089 – Útlendingastofnun og dómsmálaráðuneytinu var veitt heimild til að veita Áslaugu Benediktsdóttur og Björgu Thorarensen aðgang að gögnum í málum er varða umsóknir um íslenskan ríkisborgararétt til Alþingis, frá árinu 2003 til 2018. Sömu aðilum var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Veiting ríkisborgararéttar með lögum“.

2018091428 – Barnavernd Kópavogs var veitt heimild til að veita Anný Rós Ævarsdóttur og Hervöru Ölmu Árnadóttur aðgang að gögnum um mál barna á aldrinum 0-18 ára sem þar hafa orðið til í barnaverndarmálum, þ.e. dagálum og greinargerðum, annars vegar á tímabilinu janúar til júní 2010 og hins vegar janúar til júní 2018. Sömu aðilum var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Hver er þátttaka barna í viðtölum hjá Barnavernd Kópavogs“.

2018091370 – Fangelsismálastofnun og embætti ríkislögmans var veitt heimild til að veita Henriettu Ósk Gunnarsdóttur og Önnu Kristínu Newton aðgang að upplýsingum úr málaskrá sínum um karlmenn sem dæmdir hafa verið fyrir brot gegn 210. gr. almennra hegningarlaga á árunum 2000-2017. Sömu aðilum var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Áhættumat á einstaklingum sem hafa verið (á)kærðir og/eda verið dæmdir samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga“.

■ Úrskurðir, álit og ákvarðanir stjórnar Persónuverndar 2018

Úrskurður um meðferð tölvupósthólfs fyrrum starfsmanns hjá Sólheimum ses.

Mál nr. 2016/1605

Persónuvernd úrskurðaði um að meðferð Sólheima ses. á tölvupósthólfi kvartanda, sem gegnt hafði prestþjónustu á staðnum, hefði ekki samrýmst 11. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem til verða við rafræna vöktun, og reglum nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um vinnslu upplýsinga um umdeilda skuld á skrá hjá Creditinfo Lánstrausti

Mál nr. 2016/1687

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla persónuupplýsinga á ábyrgð Lögheimtunnar ehf. og Landsbankans hf., sem fólst í því að láta færa upplýsingar um umdeilda skuld á skrá Creditinfo Lánstrausts hf. um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, sem og því að viðhalda þeirri skráningu um tiltekið skeið, hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá opinberri stofnun

Mál nr. 2016/1735

Persónuvernd úrskurðaði um að öflun opinberrar stofnunar á viðkvæmum persónuupplýsingum um starfsmann hennar frá fyrrverandi trúnaðarlækni hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Varðveisla annarra upplýsinga um kvartanda vegna sama máls, sem stofnuninni var heimilt að afla, sem og aðgangur að þeim, hefði hins vegar fullnægt kröfum laganna.

[Nánari útlitun á málavöxtum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá fyrrverandi trúnaðarlækni opinberrar stofnunar

Mál nr. 2016/1764

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla persónuupplýsinga hjá fyrrverandi trúnaðarlækni opinberrar stofnunar hefði samræmst ákvæðum laga nr. 77/2000 hvað ritun og miðlun vottorða til lögreglunnar varðaði, en miðlun á heilsufarsupplýsingum um kvartanda til stofnunarinnar í tölvupósti samrýmst ekki ákvæðum laga nr. 77/2000.

[Nánari útlitun á málavöxtum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá Landsbankanum hf. og Kópavogsbæ

Mál nr. 2016/1770

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla persónuupplýsinga hjá Landsbankanum hf. og Kópavogsbæ um kvartanda hefði samrýmst lögum nr. 77/2000, auk þess sem ekki hefði komið fram að farið hefði verið gegn grunnkröfum 7. gr. laganna, en kvartað var yfir því að farið hefði verið inn á reikning kvartanda og tiltekin fjárhæð tekin þar út. Í gögnum málsins var staðfest að samþykki kvartanda fyrir þeim millifærslum sem um var að ræða lá fyrir, en þetta voru greiðslur í tengslum við útborgun og endurgreiðslu lána sem velferðarsvið Kópavogsbæjar veitti kvartanda.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um miðlun Íbúðalánasjóðs á persónuupplýsingum um kvartanda

Mál nr. 2016/1777

Persónuvernd úrskurðaði um að miðlun Íbúðalánasjóðs á persónuupplýsingum um kvartanda hefði verið andstæð ákvæðum laga nr. 77/2000. Nánar tiltekið laut kvörtunin að því að upplýsingum um lán kvartanda hjá Íbúðalánasjóði hefði verið miðlað til bróður kvartanda eða lögmanns hans án heimildar. Óumdeilt var að umræddar persónuupplýsingar stöfuðu frá Íbúðalánasjóði, þótt ekki lægi fyrir með hvaða hætti miðlunin atvikaðist. Samkvæmt upplýsingum málsins var miðlunin afleiðing mistaka og engin heimild fyrir henni samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Í ljósi viðbragða Íbúðalánasjóðs var ekki talin ástæða til að aðhafast frekar, en minnt var á að við alla vinnslu persónuupplýsinga bæri að fara að ákvæðum 11. gr. laga nr. 77/2000, sbr. einnig 4. gr. reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við greinargerð vinnustaðasálfræðings hjá ríkisstofnun

Mál nr. 2017/81

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla persónuupplýsinga í kjölfar greinargerðar vinnustaðasálfræðings um meint einelti á vinnustaðnum, eftir að hún var afhent ríkisstofnuninni, hefði ekki samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að neitun stofnunarinnar um að afhenda kvartanda greinargerðina, eftir viðtöku hennar frá sálfræðingnum, frá því að ósk hennar þar að lútandi var synjað og þar til greinargerðin var afhent að uppkveðnum úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál, hefði ekki verið í samræmi við kröfuna um sanngirni og vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Ákvörðun um umfjöllun og ljósmyndir á ísraelskum vefsíðum, hýstum á Íslandi

Mál nr. 2017/203

Persónuvernd tók ákvörðun í máli sem til kom vegna kvörtunar yfir birtingu persónuupplýsinga á erlendum vefsíðum, hýstum hjá íslensku fyrirtæki. Í ákvörðuninni er þeim fyrirmælum beint til hýsingarfyrirtækisins að loka fyrir allan aðgang að tveimur ljósmyndum af kvartanda, sem birtar voru á tiltekinni vefsíðu. Öðrum hlutum kvörtunarinnar var hins vegar vísað frá Persónuvernd með vísan til þess að þar reyndi á skilin milli einkalífssréttar og tjáningarfrelsis, sbr. 6. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Í ljósi m.a. þess hver valdmörk Persónuverndar eru samkvæmt því ákvæði taldi stofnunin það ekki falla í sinn hlut, heldur dómstóla, að taka afstöðu til þess hvor þessara stjórnarskrárvörðu grunnréttinda ættu að veða þyngra.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um skoðun sjúkraskrár hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Mál nr. 2017/441

Persónuvernd úrskurðaði um að skoðun framkvæmdastjóra lækninga á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á sjúkraskrá kvartanda hefði samræmst lögum nr. 77/2000. Hún hefði talist liður í því að veita embætti landlæknis skýringar vegna máls sem rekið var á grundvelli laga nr. 40/2007, þ.e. af tilefni kvörtunar sem landlækni hefði borist frá kvartanda yfir meðferð á stofnuninni. Þá lá ekki fyrir að skoðunin hefði verið umfram það sem nauðsynlegt var til að veita þær skýringar.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um notkun upplýsinga sem fyrirhugað var að færa á vanskilaskrá við gerð skýrsla um lánshæfi hjá Creditinfo Lánstrausti hf.

Mál nr. 2017/537

Persónuvernd úrskurðaði um að Creditinfo Lánstrausti hf. hefði verið heimilt að nýta upplýsingar um færslu á vanskilaskrá fyrirtækisins, auk upplýsinga úr skattskrá, við gerð skýrsla um lánshæfi. Vinnsla fyrirtækisins í sama skyni á upplýsingum, sem ráðgert var að færa á framangreinda vanskilaskrá en fóru ekki á skrána þar sem krafan var greidd, var óheimil.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um upplýsingaöflun Hagstofu Íslands vegna lífshagránnings

Mál nr. 2017/549

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla Hagstofu Íslands á persónuupplýsingum, sem aflað var m.a. í símtali við dóttur kvartanda, um persónulega hagi hans í þágu lífshagránnings hefði samrýmst lögum nr. 77/2000.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um birtingu persónuupplýsinga á vefsíðu opinberrar stofnunar

Mál nr. 2017/604

Kvartað var yfir birtingu fréttar og annarra skjala á vefsíðu opinberrar stofnunar, en þar var m.a. vísað til slyss sem kvartandi hafði orðið fyrir auk þess sem birt var nafn kvartanda og heimilisfang. Komist var að þeirri niðurstöðu að umrædda stofnun hefði brotið heimild skv. 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 til að birta persónuupplýsingar um heilsuhagi kvartanda. Lagt var fyrir stofnunina að afmá upplýsingarnar úr birtum gögnum.

[Nálgast má útdrátt úrskurðarins á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um vöktun á kennitölu í kerfi Creditinfo Lánstrausts hf.

Mál nr. 2017/676

Persónuvernd úrskurðaði um að það að Creditinfo Lánstraust gerði innheimtuaðila kleift að vakta kennitölu kvartanda ótímabundið á vanskilaskrá fyrirtækisins, vegna áratuga-gamallar kröfu sem áhrif hafði á lánshæfismat hans, hefði ekki verið andstætt lögum nr. 77/2000. Persónuvernd komst þó að þeirri niðurstöðu að Creditinfo hefði borið að kanna réttmæti vöktunarinnar þegar kvartandi sendi félaginu fyrirspurn vegna hennar, en þar sem slík könnun fór ekki fram hefði Creditinfo ekki farið að kröfu laganna um vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um vinnslu Árbæjarskóla á persónuupplýsingum í tengslum við umsókn um framhaldsskólavist

Mál nr. 2017/740

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla námsráðgjafa í Árbæjarskóla á persónuupplýsingum um son kvartanda í tengslum við umsókn hans um framhaldsskólavist hefði samrýmst lögum nr. 77/2000. Kvörtunin laut nánar tiltekið að því að námsráðgjafa hefði ekki verið heimilt að breyta umsókn hans án leyfis kvartanda. Samkvæmt skýringum Menntamálastofnunar, sem aflað var vegna málsins, var mælt til þess að nemendur veldu tvo skóla við innritun í framhaldsskóla, einn sem aðalval en annan til vara, en annað gæti gert nemanda erfitt fyrir. Samkvæmt því hefði það verið til þess fallið að gæta hagsmuna nemenda að náms- og starfsráðgjafar yfirfæru umsóknir þeirra með þetta í huga. Komist var að þeirri niðurstöðu að umrædd vinnsla gæti stuðst við 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga væri heimil væri hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskilyrði. Þá kom ekki fram að umrædd vinnsla hefði brotið gegn grunnkröfum um gæði gagna og vinnslu samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Hins vegar var bent á að á það gæti reynt, í ljósi grunnreglu 1. mgr. 51. gr. lögræðis laga nr. 71/1997 og 4. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 75/2003 um forsjá foreldra yfir börnum sínum, hvort hafa þyrfti samráð við þá í tengslum við ráðgjöf um umsóknir um framhaldsskólavist. Það félli aftur á móti ekki í hlut Persónuverndar að taka afstöðu til þess álitaefnis.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Álit Persónuverndar um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni lögaðila hjá Creditinfo Lánstrausti hf. Mál nr. 2017/854

Persónuvernd veitti álit um að það félli utan valdsviðs stofnunarinnar að skera úr um hvort uppfletting á upplýsingum um lögaðila á vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. hefði þurft að byggjast á lögætum hagsmunum.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um miðlun persónuupplýsinga frá Nova hf. Mál nr. 2017/935

Persónuvernd úrskurðaði um að miðlun Nova hf. á persónuupplýsingum um kvartanda til fyrrverandi maka hans hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000, auk þess sem Nova hf. hefði ekki gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar kæmst í hendur óviðkomandi aðila og þannig brotið gegn 11. gr. laga nr. 77/2000.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Álit á vinnslu upplýsinga um Eykt hf. hjá Creditinfo Lánstrausti hf. Mál nr. 2017/956

Persónuvernd veitti álit um að vinnsla fjárhagsupplýsinga um Eykt hf. hjá Creditinfo Lánstrausti hf. hefði samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og starfsleyfi Persónuverndar til handa Creditinfo Lánstrausti hf.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um miðlun íþróttafélagsins HK á nafni ólögráða barns til þriðja aðila Mál nr. 2017/993

Persónuvernd úrskurðaði um að miðlun íþróttafélagsins HK á nafni ólögráða barns til þriðja aðila, eftir að barnið hafði sést á upptökum eftirlitsmyndavéla og þannig fallið undir grun vegna skemmdarverks á farsíma, hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Í málinu lá fyrir að starfsmaður HK miðlaði til tiltekins einstaklings upplýsingum um ólögráða barn, án tilkynningar til forráðamanns barnsins, í samhengi sem í það minnsta mátti túlka sem svo að barnið gæti legið undir grun vegna eignarspjalla. Í ljósi grunnreglu um sanngirni og vandaða vinnsluhætti taldi Persónuvernd að gera yrði þá kröfu að forráðamenn barnsins, sem lægi undir grun um háttsemina, væru einnig upplýstir. Þess var ekki gætt í umræddu tilviki og taldist meðferð persónuupplýsinga HK því ekki hafa samrýmst lögum nr. 77/2000.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um skráningu grunnskóla á upplýsingum í Mentor Mál nr. 2017/994

Persónuvernd úrskurðaði um að skráning grunnskóla á upplýsingum í rafræna upplýsingakerfið Mentor um son

kvartanda hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Tekið var fram að málefnalegt kynni að teljast að skrá tilteknar persónuupplýsingar um nemendur í rafrænt upplýsingakerfi á borð við Mentor, sbr. álit stjórnar Persónuverndar í máli 2015/1203. Einnig hefði Persónuvernd talið að það kynni að samrýmast reglugerð nr. 897/2009, lögum nr. 91/2008 um grunnskóla og 9. gr. laga nr. 77/2000 að skrá viðkvæmar persónuupplýsingar. Það yrði þó alltaf háð því skilyrði að farið yrði að öllum kröfum laga nr. 77/2000, þ. á m. varðandi öryggi. Komist var að því að í ljósi eðlis þeirra upplýsinga sem hér um ræddi hefði skráning þeirra ekki samrýmst 7. gr. laga nr. 77/2000, en telja bæri ljóst að ekki hefði verið farið að 1. og 3. tölul. um sanngirni og meðalhóf. Þá lægi ekki fyrir að útbúið hefði verið sérstakt umhverfi fyrir skráningu viðkvæmra persónuupplýsinga eins og áskilið væri skv. álit Persónuverndar í máli nr. 2015/1203. Með hliðsjón af því, og þeirri staðreynd að óháð skilgreiningu laga nr. 77/2000 á viðkvæmum persónuupplýsingum ræddi hér um upplýsingar sem njóta þyrftu sérstakrar verndar, var komist að því að ekki hefði verið farið að fyrrgreindum kröfum um öryggi persónuupplýsinga skv. lögum nr. 77/2000 og reglum nr. 299/2001. Samrýmdist því umrædd skráning ekki lögum nr. 77/2000 og var lagt fyrir skólann að taka upplýsingarnar úr Mentor og færa þær yfir í umhverfi þar sem öryggi væri nægilega tryggt.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Ákvörðun um frávisun máls vegna birtingar persónuupplýsinga um kvartanda í tekjublaði Frjálsrar verslunar og DV Mál nr. 2017/1001

Persónuvernd vísaði frá kvörtun vegna birtingar persónuupplýsinga um kvartanda í tekjublaði Frjálsrar verslunar annars vegar og DV hins vegar. Að mati Persónuverndar hefði efnisleg úrlausn stofnunarinnar lotið að því hvort með tiltekinni tjáningu hefði verið farið út fyrir ramma stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis. Af þeim ástæðum var málinu vísað frá.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um ábendingahnapp hjá Tryggingastofnun ríkisins Mál nr. 2017/1003

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla persónuupplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins, sem færi fram í gegnum ábendingahnapp á vefsíðu stofnunarinnar, samrýmdist lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um rafræna vöktun í einni af verslunum Krónunnar Mál nr. 2017/1049

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafræni vöktun í einni af verslunum Krónunnar ehf. Nánar tiltekið var kvartað yfir vöktun með vinnuskilum, sem og í eineltistilgangi. Samkvæmt skýringum Krónunnar ehf. hafði

verið rætt við hlutaðeigandi verslunarstjóra án þess að nokkuð kæmi í ljós sem staðfesti að vöktun sem þessi hefði verið viðhöfð. Þá lá fyrir að starfsmenn höfðu verið fræddir um vöktunina. Taldi Persónuvernd að hún gæti ekki, með þeim úrræðum sem henni væru búin, skorið úr um hver málsatvik hefðu raunverulega verið. Þá var að öðru leyti komist að þeirri niðurstöðu að vöktunin hefði samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Ákvörðun um frávisun máls vegna birtingar persónuupplýsinga um kvartanda í tekjublaði Frjálsrar verslunar Mál nr. 2017/1068

Persónuvernd vísaði frá kvörtun vegna birtingar persónuupplýsinga um kvartanda í tekjublaði Frjálsrar verslunar. Að mati Persónuverndar hefði efnisleg úrlausn stofnunarinnar lotið að því hvort með tiltekinni tjáningu hefði verið farið út fyrir ramma stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis. Af þeim ástæðum var málinu vísað frá.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá Gildi lífeyrissjóði vegna samninga um skiptingu lífeyrisréttinda Mál nr. 2017/1166

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla Gildis lífeyrissjóðs á persónuupplýsingum, m.a. heilsufarsupplýsingum vegna mats á lífslíkum sjóðsfélaga í tengslum við gerð samnings vegna skiptingar áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna, samrýmdist lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd áréttaði þó mikilvægi þess að umfang öflunar persónuupplýsinga væri nægilegt, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt væri miðað við tilgang vinnslunnar.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um birtingu myndar á Facebook Mál nr. 2017/1182

Persónuvernd úrskurðaði um að birting föður á mynd af barni sínu á samfélagsmiðlinum Facebook, gegn andmælum barnsins, hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um birtingu persónuupplýsinga á vefsíðu embættis landlæknis Mál nr. 2017/1183

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla persónuupplýsinga hjá embætti landlæknis, sem fól í sér birtingu persónuupplýsinga um kvartanda á vefsíðu embættisins, hefði samrýmst lögum nr. 77/2000. Kvörtunin laut að birtingu nafns kvartanda, upplýsinga um menntun og upphafstíma starfsleyfis á hjúkrunarfræðingaskrá embættis landlæknis. Komist var að

þeirri niðurstöðu að umrædd vinnsla persónuupplýsinga gæti fallið undir 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, sem kveður á um að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna. Var talið að hagsmunir almennings af því að geta gengið úr skugga um hvort heilbrigðisstarfsmenn hefðu tilskilda menntun og starfsleyfi vægju þyngra en hagsmunir hinna skráðu af því að upplýsingarnar birtust ekki á Netinu. Þá hefði ekki komið fram að umrædd vinnsla hefði verið andstæð grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, um sanngirni og meðalhóf.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Ákvörðun um flutning persónuupplýsinga frá embætti landlæknis til Advania Mál nr. 2017/1195

Persónuvernd tók ákvörðun í máli er varðaði flutning á gagnasöfnum embættis landlæknis til Advania. Í niðurstöðu Persónuverndar voru gerðar alvarlegar athugasemdir við það hvernig staðið var að undirbúningi flutningsins. Athugasemdirnar lutu m.a. að því að þau skjöl sem embættið hafði lagt fram sem áhættumat fullnægðu ekki þeim kröfum sem 11. gr. laga nr. 77/2000 gerði til slíkra skjala, og að embættið hefði ekki sannreynt með fullnægjandi hætti að Advania gæti framkvæmt þær öryggisráðstafanir sem um vinnsluna giltu. Í ljósi þess að bætt var úr annmörkum á meðan málið var til meðferðar taldi Persónuvernd þó ekki tilefni til að mæla fyrir um úrbætur að svo stöddu.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá Félagsbústöðum hf. Mál nr. 2017/1239

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun persónuupplýsinga frá Félagsbústöðum hf. til húsfélags á heimili kvartanda annars vegar og til verktaka á vegum Félagsbústaða hins vegar. Þær upplýsingar sem kvartað var yfir að miðlað hefði verið til húsfélags voru upplýsingar um fullt nafn kvartanda, aldur dóttur hennar og að unnið hefði verið að því að útvega kvartanda nýja íbúð, auk þess sem kvörtunin tók til framsendingar tölvupósta frá kvartanda til óviðkomandi aðila. Af hálfu Félagsbústaða var því hafnað að miðlun hefði átt sér stað og gat Persónuvernd ekki, með þeim rannsóknarræðum sem henni eru búin, skorið úr um hvort sú vinnsla persónuupplýsinga, sem þessi hluti kvörtunarinnar tók til, hefði átt sér stað. Hvað varðar miðlun símanúmers kvartanda til verktaka á vegum Félagsbústaða var komist að þeirri niðurstöðu að vinnslan hefði samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um birtingu dómsmálaráðuneytis á upplýsingum um einstaklinga sem hafa fengið uppreið æru

Mál nr. 2017/1282

Persónuvernd úrskurðaði um að birting dómsmálaráðuneytisins á gögnum um uppreið æru hefði ekki farið í bága við ákvæði laga nr. 77/2000. Af hálfu ráðuneytisins var vísað til þess að í ljósi þá nýfallins úrskurðar úrskurðarnefndar um upplýsingamál hefði ráðuneytinu verið skylt að veita aðgang að slíkum gögnum.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um rafræna vöktun á vegum einstaklinga

Mál nr. 2017/1338

Persónuvernd úrskurðaði um að rafræn vöktun með eftirlitsmyndavél við bæinn [X] hefði ekki samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglna nr. 837/2006. Kvörtunin laut nánar tiltekið að því að kvartandi, sem var næsti nágranni íbúa á bænum [X], taldi að hann væri í mynd í nærumhverfi sínu, en vélinni var m.a. beint að húsi kvartanda og í allar áttir, m.a. þar sem kvartandi og fjölskylda hans áttu leið um land sitt. Var þeim tilmælum beint til ábyrgðaraðila að breyta sjónarhorni og staðsetningu eftirlitsmyndavélarinnar þannig að hún vísaði ekki að svæðum á almannafæri eða eignum nágranna.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um meðferð tölvugagna starfsmanns einkahlutafélags

Mál nr. 2017/1452

Persónuvernd úrskurðaði um að meðferð tölvugagna starfsmanns tiltekins fyrirtækis hefði ekki samræmt lögum nr. 77/2000. Laut meðferð tölvugagnanna m.a. að því að tölvupóstur kvartanda hefði verið skoðaður án þess að honum hefði verið veittur kostur á að vera viðstaddur sem og að yfirfara tölvupóst sinn við starfslok. Þá var meðferð á tölvugögnum kvartanda að öðru leyti ekki talin hafa samrýmst lögum, þ.e. meðferð gagna í farsíma og fartölvu, auk yfirtöku aðgangs á Facebook-síðu kvartanda.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um meðferð tölvupósthólfs við starfslok hjá Vaka fiskeldiskerfum ehf.

Mál nr. 2017/1467

Persónuvernd úrskurðaði um að meðferð Vaka fiskeldiskerfa ehf. á tölvupósthólfi starfsmanns við starfslok hefði hvorki samrýmst 9. gr. reglna nr. 837/2006 né lögum nr. 77/2000. Starfsmanninum var ekki gefinn kostur á að eyða eða afrita einkatölvupóst, ekki leiðbeint um sjálfvirka svörun, tölvupósthólfinu var lokað 90 dögum eftir starfslok og var fjármálastjóra félagsins veittur aðgangur að tölvupósthólfinu án þess að um það hefði sérstaklega verið samið. Var lagt fyrir Vaka fiskeldiskerfi ehf. að félagið setti verklagsreglur um meðferð tölvupósts starfsmanna og fræðslu til starfsmanna um rafræna vöktun.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um rafrænt aðgengi að kjörskrá á vefsvæði Þjóðskrár Íslands, skra.is

Mál nr. 2017/1523

Persónuvernd úrskurðaði um að rafrænt aðgengi að kjörskrá á vefsvæði Þjóðskrár Íslands, skra.is, frá því að kjörskrárstofnar voru afhentir sveitarstjórnnum fyrir kosningar og þar til kosningum lyki, samrýmdist lögum nr. 77/2000. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að vinnslan væri heimil á grundvelli þess að hún teldist nauðsynleg vegna verks sem unnið væri í almannabágu, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Var vinnslan talin styðjast við málefnaleg sjónarmið með hliðsjón af tilgangi þess að kjörskrár skyldu almennt liggja frammi, almenningi til sýnis, þ.e. til þess að einstaklingar gætu kynnt sér hvar þeir ættu að kjósa en jafnframt til þess að hver sem er gæti kynnt sér þær upplýsingar sem þar kæmu fram, gert athugasemdir og, eftir atvikum, kært framkvæmd kosninga. Þá væri, með þessu fyrirkomulagi, tryggt jafnræði hvað varðaði aðgengi að kjörskrá milli ólíkra sveitarfélaga. Talið var að það samrýmdist ákvæðum 7. gr. laganna að rafrænt aðgengi að kjörskrá væri takmarkað við þann tíma þegar kjörskrár ættu, lögum samkvæmt, að liggja frammi, almenningi til sýnis, og að þær upplýsingar sem birtust við innslátt kennitölu væru ekki umfram það sem nauðsynlegt teldist.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Ákvörðun um öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga hjá Borgarhólsskóla

Mál nr. 2017/1566

Persónuvernd tók ákvörðun um að birting trúnaðargagna um nemendur Borgarhólsskóla, sem varð vegna öryggisbrots við flutning gagna yfir í skýjaþjónustu, samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000. Persónuvernd gerði alvarlegar athugasemdir við að ekki hefði verið útbúið öryggiskerfi um þær persónuupplýsingar sem unnar væru á vegum skólans, líkt og lög gerðu ráð fyrir. Jafnframt voru gerðar alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð Advania, sem vinnsluaðila skólans, í málinu. Lagt var fyrir Borgarhólsskóla að útbúa öryggisstefnu, áhættumat og öryggisráðstafanir í samræmi við kröfur laga nr. 77/2000 og reglna nr. 299/2001. Þá var lagt fyrir skólann að sannreyna með viðeigandi hætti að Advania gæti framkvæmt fullnægjandi öryggisráðstafanir, auk þess sem skólinn skyldi gera viðeigandi úrbætur á vinnslusamningi sínum við Advania.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um birtingu opinberrar stofnunar á persónuupplýsingum

Mál nr. 2017/1594

Persónuvernd úrskurðaði um að birting opinberrar stofnunar á persónuupplýsingum um kvartanda, sem finna mátti í niðurstöðu nefndar sem birt var á vefsíðu stofnunarinnar, hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um skráningu upplýsinga um nauðungarsölubeiðni hjá Creditinfo Lánstrausti hf. vegna kröfu sem til umfjöllunar var hjá dómstólum

Mál nr. 2017/1620

Persónuvernd úrskurðaði um að færsla upplýsinga um nauðungarsölubeiðni, vegna kröfu sem til umfjöllunar var hjá dómstólum, á vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. hefði ekki samræmt lögum nr. 77/2000. Í úrskurði Persónuverndar var litið til banns við vinnslu upplýsinga um umdeildar skuldir samkvæmt starfsleyfi til að halda skrána. Var litið svo á að á grundvelli þessa banns hefði fyrirtækinu borið að eyða upplýsingunum af skránni þegar fyrir lá að efnislegur ágreiningur um gildi kröfunnar biði dómsúrlausnar.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um rafræna vöktun á vegum húsfélags fjöleignarhúss í Reykjavík

Mál nr. 2017/1689

Persónuvernd úrskurðaði um að rafræn vöktun við fjöleignarhús í Reykjavík, sem náði yfir á svæði sem var á almannafæri, samrýmdist ekki reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun og lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Húsfélagið hefði ekki heimild til rafrænnar vöktunar á almannafæri og við vöktun á eignum húsfélagsins væri ekki gætt að meðalhófi. Persónuvernd beindi þeim tilmælum til húsfélagsins að það breytti sjónarhorni eftirlitsmyndavélanna og setti upp merkingar um vöktunina við fjöleignarhúsið.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um skráningu kvartanda á vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. á grundvelli stöðu hans sem varamanns í stjórn tveggja félaga sem úrskurðuð höfðu verið gjaldþrota

Mál nr. 2017/1710

Persónuvernd úrskurðaði í máli um heimildir Creditinfo Lánstrausts hf. til skráningar kvartanda á vanskilaskrá á grundvelli upplýsinga frá hlutafélagaskrá um stöðu hans sem varamanns í stjórn tveggja félaga sem úrskurðuð höfðu verið gjaldþrota síðustu fjögur ár á undan. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að þar sem um íþyngjandi ákvæði væri að ræða væri rétt að túlka það fremur þröngt. Samkvæmt orðanna hljóðan tæki ákvæðið aðeins til stjórnarmanna en ekki varamanna, sem greinarmunur væri gerður á í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Taldi Persónuvernd vafa háð að upplýsingar um stöðu hins skráða sem varamanns væru áreiðanlegar upplýsingar um aðkomu viðkomandi að stjórn þess félags og þar með væri vafasamt að þær hefðu afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Creditinfo Lánstrausti hf. var því ekki heimilt að safna úr hlutafélagaskrá upplýsingum um stöðu kvartanda sem varamanns í stjórn tveggja félaga sem úrskurðuð höfðu verið gjaldþrota á síðustu fjórum árum á undan og nota þær upplýsingar í því skyni að skrá kvartanda á vanskilaskrá fyrirtækisins.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd Hafnarfjarðarbæjar

Mál nr. 2017/1729

Persónuvernd úrskurðaði um að vinnsla persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar hefði samrýmst lögum 77/2000. Um var að ræða miðlun barnaverndarnefndar á upplýsingum úr lögregluskýrslu til barnsföður kvartanda um að móðir barna þeirra, sem fór með sameiginlega forsjá á samt föður, hefði verið stöðvuð af lögreglu fyrir akstur undir áhrifum.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um aðgang að þjóðskrárupplýsingum hjá Reykjavíkurborg

Mál nr. 2017/1771

Persónuvernd úrskurðaði um að aðgangur allra starfsmanna Reykjavíkurborgar að bæði grunn- og viðbótarupplýsingum þjóðskrár samrýmdist ekki grunnreglunni um meðalhóf í lögum nr. 90/2018. Var lagt fyrir Reykjavíkurborg að senda Persónuvernd gögn um hvernig aðgangur að skránni yrði færður til samræmis við þá reglu.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um birtingu heimilisfangs á brotavettvangi í dómi

Mál nr. 2017/1799

Persónuvernd úrskurðaði um að birting heimilisfangs ásamt húsnúmeri á brotavettvangi, í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem birtur var á vefsíðu dómstólsins, hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Birtingin gengi gegn verndun þeirra hagsmuna sem ætlunin væri að vernda með reglum um nafnleynd og samrýmdist vinnslan því ekki því meðalhófsreglu 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um munnlega miðlun yfirmanns á persónuupplýsingum um kvartanda

Mál nr. 2018/86

Persónuvernd úrskurðaði um að miðlun framkvæmdastjóra á persónuupplýsingum úr læknisvottorði um kvartanda, í símtali til félagasamtaka þar sem kvartandi var sjálfbóðaliði, hefði ekki samræmt lögum nr. 77/2000. Talið var að miðlunin hefði átt sér stað í þess háttar tengslum við skrifleg gögn að hún teldist beinn þáttur í vinnslu persónuupplýsinga og heyrði því undir gildissvið laganna.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um varðveislu persónuupplýsinga hjá Íslandsbanka eftir að viðskiptasambandi lauk Mál nr. 2018/126

Persónuvernd úrskurðaði um að varðveisla upplýsinga um kvartanda, m.a. netfangs hans, hjá Íslandsbanka hf. eftir að hann hætti viðskiptum við bankann samrýmdist lögum nr. 77/2000. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að útiloka að eftir að viðskiptasambandi lyki mætti gera ráð fyrir því um nokkurt skeið að reynt gæti á einstaka þætti sambandsins, einstaka reikninga og annars konar löggæringa sem því tengdust og samrýmdist varðveisla ábyrgðaraðila á netfangi kvartanda því lögum.
[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um rafræna vöktun í fjöleignarhúsi Mál nr. 2018/273

Persónuvernd úrskurðaði um að uppsetning eftirlitsmyndavélar í sameiginlegum stigagangi fjöleignarhúss í Reykjavík og vöktun og vinnsla henni tengd samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000. Hin rafræna vöktun var á vegum eins íbúa fjöleignarhússins og fór fram í sameiginlegum stigagangi. Aðrir íbúar í sameigninni höfðu ekki veitt samþykki fyrir vöktuninni og ákvörðun um hana hafði ekki verið tekin á sameiginlegum húsfundi.
[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Álit um gerð ytra mats mennta- og menningarmálaráðuneytisins á skólustarfi Mál nr. 2018/524

Persónuvernd veitti álit um að mennta- og menningarmálaráðuneytinu væri heimilt að vinna með almennar persónuupplýsingar við gerð ytra mats á skólustarfi en að ráðuneytið hefði ekki sérstaka lagaheimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga við gerð slíks mats. Í áliti sínu áréttaði Persónuvernd að til þess að tryggja áreiðanleika persónuupplýsinga um skráða einstaklinga skyldi gæta sérstakrar varúðar við skráningu matskenndra upplýsinga, svo sem upplýsinga um afstöðu annarra einstaklinga gagnvart hinum skráða. Þá bæri ráðuneytinu að gæta að því, við ákvörðun um hvaða persónuupplýsingar væri heimilt að birta í skýrslum um ytra mat, að birting þeirra væri málefnaleg og ekki umfram það sem nauðsynlegt væri, með hliðsjón af tilgangi matsins og opinberrar birtingar skýrslanna.
[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um aðgangsrétt einstaklings að persónuupplýsingum hjá vinnuveitanda. Mál nr. 2018/538

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem starfsmaður ábyrgðaraðilans X kvartaði yfir vinnslu persónuupplýsinga um sig hjá X í kjölfar kvartana sem X hafði borist frá nokkrum einstaklingum um hátterni kvartanda, m.a. ásakanir um kynferðislega áreitni. Var kvartað yfir því að X hafði neitað að afhenda kvartanda upplýsingar um kvartanirnar, m.a. uppruna þeirra, að undanskilinni almennri samantekt um efni ásakananna. Bar X því við að einstaklingunum hefði

verið heitið nafnleynd þegar kvartanirnar voru bornar fram og taldi X að réttur kvartanda til upplýsinganna viki fyrir hagsmunum þeirra sem báru fram ásakanirnar. Jafnframt vísaði X til þess að skjalið sem hafði að geyma upplýsingarnar teldist vera vinnuskjal og væri X því ekki skylt að afhenda það. Eins og atvikum öllum var háttað í málinu var það mat Persónuverndar að hlutaðeigandi einstaklingar yrðu ekki látnir sæta því að þeim trúnaði sem þeim var heitið af hálfu X yrði látinn vikja fyrir hagsmunum kvartanda. X hefði því ekki verið skylt, á grundvelli laga nr. 90/2018 að veita kvartanda upplýsingar um uppruna skráðra persónuupplýsinga um hann í umræddu vinnuskjali hjá X.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um birtingu fundargerða á vef opinberrar stofnunar Mál nr. 2018/539 og 2018/540

Persónuvernd úrskurðaði um að birting fundargerða opinberrar stofnunar, sem innihéldu persónugreinanlegar upplýsingar um kvartanda, annars vegar á vefsíðu stofnunarinnar og hins vegar á innri vef hennar, færi í bága við lög nr. 90/2018. Mælti Persónuvernd fyrir um að persónugreinanlegar upplýsingar yrðu afmáðar úr fundargerðunum.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um aðgang að persónuupplýsingum hjá embætti ríkislögmans Mál nr. 2018/546

Persónuvernd úrskurðaði um að embætti ríkislögmans hefði veitt einstaklingi fullnægjandi upplýsingar um hvaða upplýsingar um hann væri eða hefði verið unnið með samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 18. gr. þágildandi laga nr. 77/2000, og 2. mgr. 17. gr. núgildandi laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. einnig 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Var það mat Persónuverndar að ekkert í gögnum málsins benti til þess að embættið hefði ekki uppfyllt skyldu sína samkvæmt framangreindum ákvæðum og því væri ekki tilefni til að beita þeim úrræðum sem stofnuninni væru búin samkvæmt 41. gr. laga nr. 90/2018. Í úrskurðinum var einnig komist að þeirri niðurstöðu að embættinu hefði borið að gefa viðkomandi einstaklingi, innan mánaðar frá því að embættinu barst beiðni hans um upplýsingar, skriflegar skýringar á ástæðum tafar og hvenær svars væri að vænta, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 77/2000.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Úrskurður um framsendingu embættis landlæknis á tölvupósti er innihélt ábendingu um umönnun vistmanns Mál nr. 2018/613

Persónuvernd úrskurðaði um að framsending embættis landlæknis á tölvupósti er innihélt ábendingu um umönnun vistmanns á Hrafnistu hefði samræmst lögum nr. 77/2000. Fyrir lá að umrætt erindi kvartanda, sem hvorki innihélt

viðkvæmar persónuupplýsingar né aðrar upplýsingar er háðar voru þagnarskyldu, hefði fyrst og fremst verið framsent rekstraraðila Hrafnistu með hagsmuni og öryggi sjúklingsins að leiðarljósi. Var það niðurstaða Persónuverndar að slíkt faglegt mat embættis landlæknis sætti ekki endurskoðun Persónuverndar. Með hliðsjón af framangreindu var það niðurstaða Persónuverndar að embættinu hefði verið heimilt að framsenda umræddan tölvupóst til stjórnenda Hrafnistu á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Ákvörðun um afhendingu Barnaverndarstofu á gögnum til fjölmiðla Mál nr. 2018/839

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðisathugunarmáli stofnunarinnar varðandi afhendingu Barnaverndarstofu á gögnum til fjölmiðla. Samkvæmt ákvörðun Persónuverndar voru persónugreinanlegar upplýsingar í hluta þeirra gagna sem Barnaverndarstofa afhenti fjölmiðlum á grundvelli upplýsingabæiðna samkvæmt upplýsingalögum. Voru þar á meðal viðkvæmar persónuupplýsingar og upplýsingar um félagsleg vandamál. Með hliðsjón af því þurfti að gæta að því að heimild væri fyrir miðlun upplýsinganna á grundvelli persónuverndarlaga. Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. þágildandi laga nr. 77/2000 mátti vinna persónuupplýsingar ef það var nauðsynlegt vegna lagaskyldu sem hvíldi á ábyrgðaraðila. Samkvæmt ákvörðun Persónuverndar náði lagaskylda Barnaverndarstofu samkvæmt upplýsingalögum ekki til miðlunar viðkvæmra persónuupplýsinga eða upplýsinga um félagsleg vandamál. Af þeim sökum var ekki hægt að byggja miðlun upplýsinganna á heimild samkvæmt 3. tölul. 8. gr. laganna. Þá varð ekki séð að vinnslan hefði getað byggst á öðrum heimildarákvæðum 8. gr. laganna. Afhending gagnanna var því ekki talin hafa samrýmst þágildandi lögum nr. 77/2000.

[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Ákvörðun um birtingu upplýsinga úr skattskrá á vefsíðunni tekjur.is Mál nr. 2018/1507

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðismáli hinn 28. nóvember 2018 vegna gagnagrunns með upplýsingum úr skattskrá fyrir árið 2016 sem gerður hafði verið aðgengilegur á vefsíðunni tekjur.is. Af hálfu ábyrgðaraðila gagnagrunnsins, Viskubrunns ehf., var vísað til lokamálsliðar 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem heimildar fyrir gagnagrunninum, en þar er mælt fyrir um heimild til birtingar skattskráa og útgáfu þeirra í heild eða að hluta. Í ljósi forsögu umrædds ákvæðis taldi Persónuvernd að í gerð umrædds gagnagrunns fælist hvorki birting né útgáfa í skilningi þess. Þá væri ljóst að ríkisskattstjóri færi með heimildir samkvæmt fyrrnefndu ákvæði. Veitti hann öðrum umboð til birtingar eða útgáfu á grundvelli þess bæri því að fara að skilmálum hans en hér hefði þess ekki verið gætt. Með vísan til þessa varð niðurstaða Persónuverndar sú að brostið hefði heimild til vinnslu persónuupplýsinga. Einnig var mælt fyrir um að eyða skyldi gagnagrunninum. Ábyrgðaraðila var í kjölfarið tilkynnt um að til skoðunar væri hjá Persónuvernd hvort leggja ætti á sekt. Hinn 27. mars 2019 tók Persónuvernd ákvörðun um hvort lögð

skyldi á sekt vegna gagnagrunns með skattskráupplýsingum. Persónuvernd vísaði í ákvörðun sinni til þess að kröfur til heimilda til útgáfu fyrir mæla eins og um ræddi í fyrri ákvörðun. Þá var vísað til þess vafa sem uppi var um inntak 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt fram að töku ákvörðunarinnar hinn 28. nóvember 2018. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að eins og málið væri vaxið, og þegar lítið væri til þessa vafa, væru ekki forsendur fyrir beitingu sektarheimildar stofnunarinnar.
[Nánari útlitun á málavöxtum og bréfaskiptum má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Norrænt samstarf

Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Framhaldsfundur fyrir forstjóra norrænna persónuverndarstofnana og helstu sérfræðinga þeirra var haldinn í Osló 10. janúar 2018, en á fundinum var fylgt eftir þeim málum sem rædd voru á sameiginlegum norrænum fundi forstjóra, lögfræðinga og sérfræðinga í upplýsingaöryggi í Tromsø í Noregi 8. og 9. maí 2017. Fundinn sótti forstjóri Persónuverndar ásamt skrifstofustjórum lögfræðisviðs og upplýsingaöryggis.

Sameiginlegur norrænn fundur forstjóra persónuverndarstofnana, lögfræðinga og sérfræðinga í upplýsingaöryggi var haldinn í Kaupmannahöfn 7. og 8. maí 2018. Fundurinn var sóttur af forstjóra Persónuverndar, skrifstofustjórum lögfræðisviðs og upplýsingaöryggis, auk lögfræðings og tveggja sérfræðinga í upplýsingaöryggi. Helstu umræðuefni voru afmarkaðir þættir nýrrar Evrópureglugerðar á sviði persónuverndar.

Á fundinum var ákveðið að auka enn frekar samvinnu stofnananna, m.a. við gerð fræðsluefnis. Auk þess var ákveðið að stofnanirnar myndu að eigin frumkvæði gæta þess að opinberir aðilar tilnefndu persónuverndarfulltrúa, eins og þeim ber skylda til að gera samkvæmt nýrri persónuverndarlöggjöf Evrópusambandsins. Undirrituðu forstjórar allra norrænu stofnananna svokallaða Kaupmannahafnaryfirlýsingu þar sem þetta kom fram.

Framhaldsfundur fyrir forstjóra norrænna persónuverndarstofnana og helstu sérfræðinga þeirra var haldinn í Brussel 3. desember

2018. Fundinn sótti forstjóri Persónuverndar ásamt skrifstofustjórum upplýsingaöryggis. Fundinum var stýrt af Dönnum en auk norrænu stofnananna sátu fundinn fulltrúar írsku stofnunarinnar, þeirrar hollensku og þeirrar bresku. Helstu umræðuefni voru staða úttektar á tilnefningum persónuverndarfulltrúa, tilkynningar um öryggisbresti, vinnsla persónuupplýsinga í aðdraganda kosninga og framtíð samstarfs milli stofnananna.

- Aukin samvinna norrænna persónuverndarstofnana við gerð fræðsluefnis.
- Samnorræn úttekt á skipun persónuverndarfulltrúa hjá opinberum aðilum.

Heimsókn til dönsku persónuverndarstofnunarinnar (Datatilsynet)

Tveir sérfræðingar í upplýsingaöryggi hjá Persónuvernd heimsóttu dönsku persónuverndarstofnunina (Datatilsynet) dagana 27.-28. júní 2018 þar sem þeir fræddust um störf og skyldur sérfræðinga í upplýsingaöryggi þar.

Ráðstefna norrænna persónuverndarsérfræðinga (e. Nordic Privacy Arena)

Lögfræðingur hjá Persónuvernd sótti ráðstefnu norrænna persónuverndar-sérfræðinga í Stokkhólmi dagana 12.-13. nóvember 2018 og tók þátt í pallborðsumræðum um persónuverndarlöggjöfina og börn. Var þar meðal annars fjallað um tilmæli Persónuverndar um að aðilar sem koma að starfi með börnum noti ekki samfélagsmiðla í skóla- og frístundastarfi og þá ríku áherslu sem Persónuvernd hefur lagt á málefni barna.

- Leiðbeiningar um gagnsæi (WP260)
- Leiðbeiningar um sjálfvirka ákvarðanatöku og persónusnið (WP251)
- Leiðbeiningar um tilkynningar um öryggisbresti (WP250).
- Leiðbeiningar um samþykki (WP259)
- Tilmæli um staðlaða umsókn um samþykkt bindandi fyrirtækjareglna vegna flutnings persónuupplýsinga yfir landamæri (WP264)
- Vinnuskjal um verklag við samráð í tengslum við afgreiðslu umsókna um samþykkt bindandi fyrirtækjareglna fyrir ábyrgðaraðila og vinnsluaðila (WP263)
- Afstöðuskjal um undanþágur frá skyldunni til að halda skrá yfir vinnsluaðgerðir
- Yfirlýsing um dulkóðun og áhrif hennar á persónuvernd einstaklinga

Starf Evrópska persónuverndarráðsins

Evrópska persónuverndarráðið (EDPB) tók til starfa þann 25. maí 2018 þegar evrópska persónuverndarreglugerðin kom til framkvæmda innan ESB, í samræmi við 68. gr. hennar. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2018 frá 6. júlí 2018 eiga EES/EFTA-löndin fulla aðild að ráðinu, án atkvæðisréttar, en afstaða þeirra skal skráð sérstaklega. Evrópska persónuverndarráðið, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipað forstjórum og öðrum háttsettum fulltrúum persónuverndarstofnana í aðildarríkjum EES, auk fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB, Evrópsku persónuverndarstofnuninni (EDPS) og Eftirlitsstofnun EFTA. Þau ríki sem sótt hafa um inngöngu í Evrópusambandið hafa áheyrnaraðild hjá ráðinu. Á árinu 2018 voru haldnir fimm fundir, þ.e. 25. maí, sóttur af forstjóra og skrifstofustjórum upplýsingaöryggis, 4.-5. júlí, sóttur af skrifstofustjórum upplýsingaöryggis, 25.-26. september, sóttur af forstjóra og skrifstofustjórum upplýsingaöryggis, 16. nóvember, sóttur af skrifstofustjórum upplýsingaöryggis, og 4.-5. desember, sóttur af forstjóra og skrifstofustjórum upplýsingaöryggis.

Meginhlutverk EDPB er að tryggja samræmi í beitingu persónuverndarreglugerðarinnar. Til viðbótar hefur það vald til að taka bindandi ákvarðanir gagnvart innlendum eftirlitsstofnunum í málum sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga yfir landamæri. Þá fjallar ráðið um og samþykkir ýmiss konar álit og leiðbeiningar í tengslum við túlkun og beitingu reglugerðarinnar. Á fyrsta fundi ráðsins staðfesti það áður útgefnar leiðbeiningar 29. gr. vinnuhópsins sem vörðuðu túlkun og beitingu reglugerðarinnar, auk tiltekinna annarra skjala hópsins. Önnur helstu skjöl, sem ráðið samþykkti á árinu 2018, eru eftirtalin:

- Leiðbeiningar nr. 1/2018 um vottun og mælikvarða fyrir vottun
- Leiðbeiningar nr. 2/2018 um undanþágur skv. 49. gr. persónuverndarreglugerðarinnar
- Leiðbeiningar nr. 3/2018 um landfræðilegt gildissvið persónuverndarreglugerðarinnar
- Leiðbeiningar nr. 4/2018 um vottunaraðila
- 26 álit á listum yfir vinnslu sem þarf að fara í mat á áhrifum á persónuvernd
- Álit nr. 23/2018 á tillögum framkvæmdastjórnarinnar um evrópsk fyrirmæli um framlagningu og varðveislu rafrænna sönnunargagna í refsímálum
- Álit nr. 28/2018 um drög framkvæmdastjórnarinnar að ákvörðun um að Japan teljist öruggt þriðja ríki
- Yfirlýsing vegna draga framkvæmdastjórnarinnar að nýrri reglugerð um persónuvernd í fjarskiptum
- Yfirlýsing vegna áhrifa efnahagslegrar samþjöppunar á markaði á persónuvernd

Samningur Persónuverndar við Evrópusambandið um styrk til kynningar á nýrri persónuverndarlöggjöf

Vorið 2018 hlaut Persónuvernd styrk frá Evrópusambandinu (The European Union's Rights, Equality and Citizenship Programme (2014-2020)), að hámarki fjárhæð 107.000 evrur, til þess að ráðast í sérstakar aðgerðir til kynningar á nýju persónuverndarlöggjöfinni.

Þann 3. desember 2018 var boðað til kynningarfundar í Brussel á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins en þar voru þau verkefni, sem hlotið höfðu framangreindan styrk, kynnt sérstaklega af hálfu viðkomandi stofnana. Alls hlutu 12 persónuverndarstofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu framangreindan styrk, þ. á m. Persónuverndaráð á Íslandi. Fundurinn var sóttur af lögfræðingi og skrifstofustjórn rekstrar hjá Persónuvernd, sem jafnframt höfðu umsjón með framkvæmd verkefnisins fyrir hönd stofnunarinnar.

Gerð er grein fyrir þeim verkefnum sem ráðist var í á grundvelli samningsins í kaflanum Efst á baugi hjá Persónuvernd 2018.

Sérfræðingahópur Evrópska persónuverndarráðsins um samfélagsmiðla

Evrópska persónuverndarráðið starfrækir nokkra sérfræðingahópa sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga á afmörkuðum sviðum og önnur sameiginleg málefni persónuverndarstofnananna sem eiga aðild að ráðinu. Á vettvangi þessara sérfræðingahópa er meðal annars unnið að undirbúningi mála sem tekin eru fyrir á fundum EDPB, svo sem leiðbeininga og álita, og önnur sameiginleg málefni rædd. Fyrsti fundur sérfræðingahóps EDPB um samfélagsmiðla var haldinn í húsakynnum ráðsins í Brussel 15. maí 2018 en auk þess voru haldnir fundir 14. september og 9. nóvember s.á. Lögfræðingur hjá Persónuvernd sótti fundina fyrir hönd stofnunarinnar.

Samstarf tengt Schengen-upplýsingakerfinu, VIS-gagnagrunninum og Eurodac-fingrafarakerfinu

Á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (EDPS) voru haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með meðferð

persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja og samhæfa þeir eftirlit sitt á umræddum fundum. Á árinu 2018 voru fundirnir tveir, haldnir í Brussel 12. júní og 14. nóvember. Fundirnir voru ýmist sóttir af skrifstofustjórum lögfræðisviðs eða lögfræðingi hjá Persónuvernd.

Einnig eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum (e. VIS Supervision Coordination Group). VIS stendur fyrir „Visa Information System“, en þar er um að ræða tölvakerfi með margvíslegum upplýsingum um þá sem sækja um vegabréfsáritun í einhverju aðildarríkja Schengen, þ. á m. fingraförum viðkomandi og ljósmyndum. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja. Haldnir voru tveir fundir á árinu 2018, þ.e. 13. júní og 15. nóvember. Fundirnir voru ýmist sóttir af skrifstofustjórum lögfræðisviðs eða lögfræðingi hjá Persónuvernd.

Að auki eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafarakerfinu. Í það kerfi eru skráðar upplýsingar um fingraför umsækjenda um alþjóðlega vernd, þeirra sem dvelja ólöglega í aðildarríki eða koma ólöglega yfir landamæri og er ekki vísað frá. Gagnagrunnurinn er notaður til að auðkenna viðkomandi einstaklinga í tengslum við framkvæmd

Dyflinnarreglugerðarinnar sem fjallar um ákvörðun þess hvaða aðildarríki fari með hælisumsóknir. Framangreind nefnd vegna eftirlits með þessum gagnagrunni hélt tvo fundi á árinu 2018, þ.e. 13. júní og 15. nóvember. Fundirnir voru ýmist sóttir af skrifstofustjóra lögfræðisviðs eða lögfræðingi hjá Persónuvernd.

Samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA um persónuvernd

Hér er um að ræða samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA sem heyrir undir undirnefnd II hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel. Í vinnuhópnum sitja fulltrúar ráðuneyta EFTA-ríkjanna, sendiráða þeirra í Brussel og persónuverndarstofnana sem koma að innleiðingu gerða Evrópusambandsins í landsrétt EFTA-ríkjanna. Vinnuhópurinn hélt einn fund á árinu 2018 og var hann sóttur af skrifstofustjóra upplýsingaöryggis.

Fundurinn var haldinn í húsakynnum EFTA í Brussel þann 8. febrúar og var umræðuefni hans drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar vegna upptöku persónuverndarreglugerðarinnar í EES-samninginn. Sama dag var haldinn sameiginlegur fundur vinnuhópsins og fulltrúa Evrópusambandsins í tengslum við framangreind drög.

Vinnustofa um EES-málefni – hvernig má hafa áhrif á löggjöf ESB?

Þann 14. júní 2018 var haldin vinnustofa um EES-málefni og hvernig EFTA getur haft áhrif á löggjöf Evrópusambandsins. Fór vinnustofan fram í Brussel og var hún sótt af skrifstofustjóra upplýsingaöryggis, sem auk þess tók þátt í pallborðsumræðum um reynslu Persónuverndar af upptöku persónuverndarreglugerðarinnar í EES-samninginn og þátttöku stofnunarinnar í samstarfi á vegum Evrópusambandsins.

30. vinnustofa starfsmanna persónuverndarstofnana (e. European Case Handling Workshop)

Dagana 27.-29. nóvember 2018 sóttu tveir lögfræðingar Persónuverndar vinnustofu fyrir evrópskar persónuverndarstofnanir sem haldin var í Búdapest. Yfir 50 þátttakendur frá 21 landi ræddu þar um ýmis málefni tengd persónuvernd og báru saman bækur sínar um framkvæmd starfa sinna.

Námskeið í notkun IMI-kerfis Evrópusambandsins

Með tilkomu evrópsku persónuverndarreglugerðarinnar var stofnað til aukinnar samvinnu milli persónuverndarstofnana þeirra ríkja sem eiga aðild að Evrópska persónuverndarráðinu. Af því tilefni hélt ráðið námskeið í notkun svokallaðs IMI-samskiptakerfis (Internal Market Information System), sem notað er í þessum tilgangi. Námskeiðið var haldið í Brussel 26.-27. apríl 2018 og sótti lögfræðingur hjá Persónuvernd það fyrir hönd stofnunarinnar.

Ráðstefna Privacy Laws & Business

Forstjóri Persónuverndar flutti tvö erindi á árlegri ráðstefnu Privacy Laws & Business sem haldin var dagana 2.-4. júlí í Cambridge á Englandi. Erindin fjölluðu annars vegar um persónuvernd í tengslum við erfðafræðirannsóknir á Íslandi og hins vegar um samstarf á sviði Evrópska efnahagssvæðisins frá sjónarhóli persónuverndar. Auk forstjóra var ráðstefnan sótt af lögfræðingi hjá Persónuvernd.

Árlegur vorkundur forstjóra persónuverndarstofnana

Árlegur vorkundur forstjóra persónuverndarstofnana var haldinn 3. og 4. maí 2018 í Tirana, Albaníu. Forstjóri Persónuverndar sótti fundinn.

40. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana

40. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Brussel 22.-25. október 2018. Forstjóri og skrifstofustjóri upplýsingaöryggis sóttu hluta ráðstefnunnar.

Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um persónuvernd (T-PD), sem starfar á grundvelli Evrópuráðssamnings nr. 108 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 1981, hélt tvo fundi á árinu og sótti lögfræðingur hjá Persónuvernd þá báða. Kostnaður vegna fundanna var greiddur af Evrópuráðinu.

Á 36. fundi nefndarinnar, sem haldinn var í Strassborg 19.-21. júní 2018, var meðal annars fjallað um persónuvernd í heilbrigðisþjónustu og við erfðarannsóknir. Þeirri vinnu var fram haldið á 37. fundi nefndarinnar sem haldinn var í Strassborg 20.-22. nóvember 2018. Á þeim fundi var jafnframt farið yfir ný dómafordæmi Evrópudómstólsins og Mannréttindadómstóls Evrópu á sviði persónuverndar. Það sem helst var markvert á sviði nefndarinnar árið 2018 var þó að samþykktur var viðauki við samning nr. 108 sem undirritaður var af hálfu Íslands 21. nóvember 2018. Með viðaukanum er leitast við að uppfæra samninginn með hliðsjón af tæknivæðingu og styrkja gildi samningsins í aðildarríkjum hans.

